

# **SAMTÖKIN '78**

**Félag lesbía og homma á Íslandi**



**Ársreikningur 2006  
Starfsskýrsla 2006–2007**

**Lagt fram á aðalfundi 17. mars 2007**



# Ársreikningur 2006

Yfirlýsing félagslegra skoðunarmanna reikninga

## Rekstrarreikningur:

Tekjur  
Gjöld

## Efnahagsreikningur:

Höfuðstóll  
Eignir  
Skuldir

## Sundurliðanir:

Skuldunautar  
Lánadrottnar  
Ógreitt vegna starfs fólks  
Ógreiddir reikningar  
Fasteign nr. 223-2956 að Laugavegi 3



# Reikningar Samtakanna '78

fyrir árið 2006

Lagðir fram á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2006

Rekstrar- og efnahagsreikningur gerður samkvæmt fylgiskjölum, dagbókarfærslum og samhljóða reikningsyfirlitum banka.

\*Tékkareikningur nr. 78 í Glitni hf.

\*Verðbréfareikningur nr. 100775 í Glitni hf.

\*Verðbréfareikningur nr. 102659 í Glitni hf.

\*Verðbréfareikningur nr. 102680 í Glitni hf.

\*Verðbréfareikningur nr. 102666 í Glitni hf.

\*Tékkareikningur nr. 30380 í Landsbanka Íslands hf.

Viðskiptareikningur nr. 9352 \*\*\*\* \* hjá Viðskiptanetinu hf.



Þóra Björk Smith, gjaldkeri.



Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður.

Reikningar Samtakanna '78 fyrir árið 2006 hafa verið endurskoðaðir og eru allar innistæður fyrir hendi. Sömu leiðis eru fylgiskjöl og færslur dagbókar réttar. Færslur eru samhljóða reikningsyfirlitum banka.

Reykjavík, 15. mars 2006



Svavar G. Jónsson, félagslegur skoðunarmaður reikninga.



Sigurjón Guðmundsson, félagslegur skoðunarmaður reikninga.

# REKSTRARREIKNINGUR - TEKJUR

	2006	2005
<b>Tekjur félagsmiðstöðvar</b>		
Félagshemili	1.332.194	1.465.430
Bókasafn	216.770	311.762
Varningur, jólaort, skrautmunir	66.880	64.840
Styrktarmeiki Samtakanna '78	551.700	496.400
Tryggingabætur	186.800	0
	<b>2.354.344</b>	<b>2.338.432</b>
<b>Framlög félagsmanna</b>		
Félagsgjöld ársins	1.047.600	910.600
Fyrirfram greidd félagsgjöld næsta árs	441.800	207.900
Sérframlög félagsmanna	139.578	124.362
	<b>1.628.978</b>	<b>1.242.862</b>
<b>Styrkir og gjafir til félagsins</b>		
Styrkur fjárlaganevndar Alþingis	1.500.000	1.000.000
Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar	1.000.000	1.000.000
Forsætisráðu neytið, styrkur	1.700.000	1.500.000
Félagsmálaráðuneytið, styrkur	1.500.000	1.500.000
Fjármálaráðuneytið	0	100.000
Landlæknisembættið	160.000	520.000
Æskulýðssjóður	200.000	0
Styrkur Reykjavíkurborgar til bækingagerðar	200.000	0
Styrkur Reykjavíkurborgar til salarleigu 27. júní 2006	250.000	0
Minningarsjóður Margrétar Björgúlfsdóttur	0	250.000
Aðrir styrkir og gjafir	420.680	481.425
	<b>6.930.680</b>	<b>6.351.425</b>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Fræðslufundur	240.000	174.500
Dansleikir og skemmtanahald	1.745.769	1.678.759
Endurgreitt frá Tollstjóra	0	4.500
Styrkir til kvikmyndarinnar Hrein og bein	14.000	20.500
Sala kvikmyndarinnar Hrein og bein	0	9.000
Auðlýsingatekiur	240.000	0
	<b>2.239.769</b>	<b>1.887.259</b>
<b>Fjármagnstekjur</b>		
Gengistekjur	0	370.491
Vaxtatekjur	14.861	4.483
Endurgreiðslur vegna skuldbreytinga	0	49.037
	<b>14.861</b>	<b>424.011</b>
<b>Heildartekjur félagsins</b>		
	<b>13.168.632</b>	<b>12.243.989</b>

# REKSTRARREIKNINGUR - GJÖLD

	2006	2005
<b>Kostnaður félagsmiðstöðvar</b>		
Innkaup	572.479	663.105
Önnur innkaup	231.937	263.346
Varningur, jólakort, skrautmunir	171.911	119.019
Smááhöld	22.600	32.147
Húsgögn og viðhald þeirra	23.669	7.950
Ræsting og ræstivörur	269.051	238.686
Tæki og viðhald þeirra	206.391	0
Kaffistofa	80.000	100.000
Umsjón með Regnbogasal	264.500	285.500
Annar kostnaður félagsmiðstöðvar	20.124	9.879
	<b>1.862.662</b>	<b>1.719.632</b>
<b>Skrifstofukostnaður</b>		
Framkvæmdastjóri	3.755.436	3.469.977
Póstkostnaður	124.709	193.723
Ritföng	144.117	135.493
Prentkostnaður	95.111	98.197
Símakostnaður	328.237	263.746
Bókhald og bókhaldskerfi	311.816	228.918
Tæki og viðhald þeirra	5.950	5.900
Annar skrifstofukostnaður	216.921	140.827
	<b>4.982.297</b>	<b>4.536.781</b>
<b>Bókasafnskostnaður</b>		
Bókavarsla	150.000	0
Blöð og tímarit	21.751	137.757
Bækur	52.974	207.658
Myndbönd	200.322	196.952
Tæki og viðhald þeirra	16.380	67.137
Bókasafnsforritið Gegnir	99.892	97.231
Annar bókasafnskostnaður	6.924	64.863
	<b>548.243</b>	<b>771.598</b>

<b>Fasteignakostnaður</b>	· · 2006 · ·	· · 2005 · ·
Fasteignagjöld	292.937	221.489
Rafragn	94.903	73.740
Hiti	75.487	57.043
Öryggisgæsla	112.952	101.823
Víðhald húsnæðis	118.960	296.870
Tryggingar	80.666	74.497
Hússjóður	190.023	191.148
	<b>965.928</b>	<b>1.016.610</b>

<b>Menningar- og fræðslukostnaður</b>	· · 2006 · ·	· · 2005 · ·
Ráðgjöf	99.000	214.500
Styrkir til lokaverkefna á háskólastigi	150.000	0
Styrkir	168.000	216.096
Fundahöld	709.955	347.685
Fyrirlestrarhöld í Háskóla Íslands	168.503	0
Útgáfa	238.384	248.497
Heimasíða	220.785	416.781
Dansleikir	314.028	483.260
Auglýsingar	0	92.911
Vinnuarkaðsverkefni	120.000	0
Átaksverkefni	0	222.314
Ungliðahópurinn	130.513	52.303
Gjafir	66.610	15.000
Hátíðarhöldin 27. júní 2006	872.943	0
ILGA gjald	11.506	10.743
Ritföng	0	33.931
Húsgögn	0	89.800
Póstkostnaður	150.970	28.570
Annar kostnaður	132.531	201.967
	<b>3.553.728</b>	<b>2.674.358</b>

<b>Kostnaður við kvikmyndina Hrein og bein</b>	· · 2006 · ·	· · 2005 · ·
STEF-gjöld	0	84.595
Virðisaukaskattur	0	1.771
	<b>0</b>	<b>86.366</b>

<b>Fjármagnskostnaður</b>	· · 2006 · ·	· · 2005 · ·
Vextir af bankareikningum	147.859	127.418
Vextir og verðbætur af lánum	790.780	592.302
Innheimtupjónusta bankanna	52.306	38.881
Þjónustugjöld bankanna	33.554	0
Aðrir vextir	18.978	13.129
Visa/Euro kostnaður	139.165	114.756
Gengistap	524.293	308
Fjármagnstekjuskattur	1.399	448
	<b>1.708.334</b>	<b>887.242</b>

<b>Heildarkostnaður félagsins</b>	· · 2006 · ·	· · 2005 · ·
	<b>13.621.192</b>	<b>11.692.587</b>



# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Höfuðstóll pr. 31.12.2006

Flutt frá fyrra ári	11.838.597
Hækkun fasteignaverðs	4.035.000
Gjöld umfram tekjur	-452.560
<b>Samtals</b>	<b>15.421.037</b>

## Eignir pr. 31.12.2006

Sjóðsreikningur	60.000
Verðbréfareikningur nr. 100775 í Glitni hf.	159
Verðbréfareikningur nr. 102659 í Glitni hf.	10.419
Verðbréfareikningur nr. 102680 í Glitni hf.	2.218
Verðbréfareikningur nr. 102666 í Glitni hf.	73
Vísa Ísland	246.650
Europay	115.600
Viðskiptanetið	96.500
Skuldunautar	156.050
Fasteign nr. 223-2956 að Laugavegi 3, 101 Reykjavík	24.320.000
<b>Samtals</b>	<b>25.007.669</b>

## Skuldir pr. 31.12.2006

Skuldabréf í Glitni hf. nr. 9680082	5.380.791
Skuldabréf í Glitni hf. nr. 509600	3.125.314
Tékkareikningur nr. 78 í Glitni hf.	607.907
Tékkareikningur nr. 30380 í Landsbanka Íslands hf.	45
Ógreiddur virðisaukaskattur	58.800
Ógreitt vegna starfsmanna	354.759
Ógreiddur kostnaður	49.447
Lánadrottmar	9.569
<b>Samtals</b>	<b>9.586.632</b>

## SUNDURLIÐANIR

<b>Skuldunautar</b>		
Hinsegin bíódagar	156.050	
<b>Samtals</b>	<b>156.050</b>	
<b>Lánadrottnar</b>		
Penninn - bókaverslun		7.525
Íslandsþóstur		2.044
<b>Samtals</b>		<b>9.569</b>
<b>Ógreitt vegna starfsmanna</b>		
Ógreidd laun fyrir desember		196.291
Ógreitt í lífeyrissjóði		42.900
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjöld		108.704
Ógreidd félagsgjöld		6.864
<b>Samtals</b>		<b>354.759</b>
<b>Ógreiddur kostnaður</b>		
ILGA aiald 2006		11.506
Inn ehf		22.012
Hússjóður		15.929
<b>Hækkun milli ára</b>		<b>49.447</b>
<b>Fasteian nr. 223-2956 að Lauðavegi 3</b>		
	<b>Fasteianamat</b>	<b>Brunabótamat</b>
31. desember 2005	20.285.000	26.700.000
31. desember 2006	24.320.000	30.000.000
<b>Hækkun milli ára</b>	<b>4.035.000</b>	<b>3.300.000</b>





## **Starfsskýrsla 2006-2007**

- 1. Stjórn, starfsmenn, fjármál, samvinna við önnur félög og nýtt útlit**
- 2. Upplýsing og fræðsla, fjölmiðlun og félagslegur stuðningur**
- 3. Almenn t félagsstarf**
- 4. Mannrétindamál**
- 5. Að lokum**

## Stjórn, starfsmenn, fjármál, samvinna við önnur félög og nýtt útlit

### 1.1. Aðalfundur, kjör stjórnar og starf með trúnaðarráði

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn 25. mars 2006 í húsakynnum félagsins. Viðstaddir voru 25 félagar. Fylgt var dagskrá aðalfundar svo sem lýst er í félagslögum. Aðeins einn listi barst til stjórnarkjörs, listi uppstillingarnefndar, og var hann sjálfkjörinn. Í stjórn tóku sæti:

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður  
Guðjón R. Jónasson, varaformaður  
Frosti Jónsson, ritari  
Þóra Björk Smith, gjaldkeri  
Bíma Hrönn Björnsdóttir, meðstjórnandi  
Rannveig Traustadóttir, meðstjórnandi  
Viðar Eggertsson, meðstjórnandi

Í trúnaðarráð félagsins voru kosnir 10 félagar, þau Auður Halldórsdóttir, Erlingur Óttar Thoroddson, Eygló Aradóttir, Frímann Sigurðsson, Guðrún Óskarsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Kristín Sævarsdóttir, Svavar G. Jónsson og Þorvaldur Kristinsson.

Stjórnin fundaði 13 sinnum á starfsárinu. Stjórn og trúnaðarráð funduðu tvisvar á starfsárinu. Dagana 1.–2. apríl funduðu stjórn og trúnaðarráð í Menntaskólanum á Akureyri. Umfjöllunarefni fyrri dagsins voru málefni samkynhneigðra á landsbyggðinni og leiðréting á jafnréttishugtakinu. Síðari deginum var varið til þess að ræða innri málefni félagsins og fræðslumál. Síðari fundur trúnaðarráðs og stjórnar var haldinn í fundarsal Bláa lónsins 4. nóvember og var umfjöllunarefni hans fræðslumál og stefna sveitarfélaga í málefnum samkynhneigðra. Þessum fundum eru gerð frekari skil í kafla 2.4 og 2.5 um fræðslumál.

### 1.2. Starfsmannahald, tækjakostur og viðhald húsnæðis

Framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnkell T. Stefánsson starfaði þriðja árið í fullu starfi. Hann heldur utan um umfangsmikinn daglegan rekstur svo sem umsjón með félagskrá og innheimtu félagsgjalda, bréfaskrifir og uppgjör. Þá sinnir hann greina- og fréttaskrifum á vefsíðu og í fréttabréf svo og uppfærslu heimasíðu. Framkvæmdastjóri hefur jafnframt yfirmsjón með daglegu fræðslu- og ráðgjafarstarfi félagsins auk þess að annast tengsl við fjölmiðla og aðra sem leita margvíslegrar aðstoðar eða ráðgjafar á vettvangi félagsins. Aðrir sinnu törfum fyrir félagið sem lausráðnir verktakar, svo sem við skráningu efnis á bókasafni, vinnu við bókhald, umsjón með fræðslufundum, ráðgjöf og fleira. Sigbór Sigbórsson vann ómetanlegt starf sem umsjónarmaður félagsmálastöðvar en með honum starfar hópur sjálfboðaliða sem leggur mikið af mörkum og óeigingjarna vinnu.

Vegna skemmda vegna leka voru félaginu greiddar tæpar 187.000 kr. í tryggingabætur. Ljóst er að fasteignin á Laugavegi 3 kallar á verulegt viðhald. Klæðning undir þaki er meira og minna ónýtt auk þess sem múr á framhlíð liggur undir skemmdum. Þá þarf að mála húsið og skipta um glugga á fjórðu hæð. Í upphafi árs var leitað tilboða hjá nokkrum verktökum í verkð og einnig var sótt um styrk í Húsvemdarsjóð Reykjavíkur til þess að standa straum af kostnaði við viðgerðir og til þess að koma ytra útliti í upprunalegt horf, en húsið er teiknað af Guðjóni Samúelssyni.

Á árinu var keyptur flatskjár í félagsmálastöðina sem hefur nýst vel við ýmsa viðburði þar auk þess sem tengja má hann við tölvu og kemur hann þá í stað skjavarp á fundum sem hingað til hafa verið fengnir að láni eða leigðir. Nýleg tölva og skjár eru á bókasafni, en að öðru leyti er brýnt að endurnýja tölvu kost félagsins á næstunni.

### 1.3. Fjármál og félagatal


Að tillögu félagsmálanefndar Alþingis veitti fjárlaganefnd félaginu 1.500.000 kr. rekstrarstyrk á árinu. Var það 500.000 kr. hækkun frá árinu áður. Forsætisráðuneyti veitti félaginu 1.700.000 kr. til að standa straum af kostnaði við fræðslu, fjölmiðlun og ráðgjöf, og félagsmálaráðuneyti 1.500.000 kr. til þess að mæta launum framkvæmdastjóra og almennum rekstrarkostnaði. Þá greiddi Reykjavíkurborg félaginu 1.000.000 kr. sem er hluti af þriggja ára þjónustusamningi sem m.a. er ætlað að mæta kostnaði við

stöðugli framkvæmdastjóra, störf félagsráðgjafa, störf með ungliðahópi, bókkauþ og fræðslustarf til starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Tekjur félagsins námu 13.168.632 kr. og gjöld 13.621.192 kr. Eiginfjárstaða félagsins er góð og styrkist ár frá ári. Verðmæti fasteignarinnar á Laugavegi 3 vex jafnt og þétt en fasteignamat þess hækkaði um 4.035.000 kr. á árinu og er nú 24.320.000 kr. Brunabótamat er 30.000.000 kr. Áhvilandi húsnæðisskuldir um mána mót voru 8.506.105 kr.

Félagar sem greiddu árgjöld á árinu voru 409, en á skrá eru tæplega 700 manns. Til samanburðar má nefna að árið 2005 voru greiddir félagsmenn 337 og árið 2004 voru þeir 306. Ef fram heldur sem horfir er ljóst að félögu mun fjölga verulega á árinu 2007. Félagsgjöld og gjafir námu 1.628.978 kr.


Á félagsfundum á síðasta ári lagði formaður fram hugmyndir stjórnar að breytingum á félagsgjöldum hvað varðar afslátt til ungs fólks og ungliða með það að markmiði að fá fleira fólk inn í félagið. Á fundinum var einnig lögð fram tillaga um að auka afslátt til lífeysispega og enn fremur að gefa þorum í sambúð, staðfestri samvist eða hjónabandi kost á hjónaafslætti. Í þessu skyni skoðaði stjórn aldurs- og kynjaskiptingu fólks á skrá sem sjá má í eftirfarandi graf:



Mynd 1.1: Aldursskipting félaga á skrá Samtökanna '78

Sérstaka athygli vekur að þrátt fyrir mikinn fjölda ungs fólks sem sækir Samtökin '78 á ungliðakvöldum, og aðra þá dagskrá sem sá hópur hefur upp á að bjóða, hafa fáir úr þeim hópi skráð sig í félagið. Á aðalfundi félagsins verða lögð fram drög að tillögum um félagsgjöld sem vonandi gefur stjórn og framkvæmdastjóra svigrúm til þess að bæta a.m.k. félagatal í yngstu aldurshópunum.

Í framhaldi af opinni ráðstefnu um stefnu sveitarfélaga í málefnum samkynhneigðra er athyglisvert að skoða skiptingu félaga eftir búsetu. Þar kemur í ljós að tæplega þriðjungur félagsmanna býr utan Reykjavíkur. Sú staðreynd er sjón félagsins mikil hvatning til þess að óska eftir fekkara samstarfi við sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur og á landbyggðinni.



Mynd 1.2: Búseta félaga á skrá Samtökanna '78

#### 1.4. Aðild að öðrum félagasamtökum og mannréttinda hreyfingum

Samtökin '78 urðu aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands vorið 2001. Skrifstofan hefur á undanförnum árum unnið að umræðu, fræðslu og mannréttinda málum hér á landi. Aðal fulltrúi Samtökanna '78 í stjórn hennar er Hrafnkell T. Stefánsson og varafulltrúi Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Núverandi formaður er Brynhildur Flóvenz. Samtökin '78 eiga aðild að ILGA, International Lesbian and Gay Association, og eru eitt elsta aðildarfélag þess.

#### 1.5. Nýtt lógó og útlit

Í október efndu Samtökin '78 til samkeppni um nýtt lógó og grafískt útlit fyrir félagið. Verðlaun í samkeppninni voru 150.000 kr. og flugmiðar fyrir tvo til einhvers áfangastaðar í Lølandair og Iceland Express í Evrópu. Óskað var eftir því að tillögurnar bærust undir dulnefni en yfir fjörutíu tillögur og útfærslur bárust frá níttján hönnuðum. Dómnefnd skipuðu Bára Kristín Kristinsdóttir ljósmyndari, Þorvaldur Skúlason verslunarmaður og Guðmundur Oddur Magnússon prófessor við Listaháskóla Íslands sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Tillögurnar voru hafðar til sýnis í Regnbogasal í desember mánuði og gátu gestir félagsmiðstöðvarinnar látið álit sitt í ljósi á þar til gerðum blöðum.



Mynd 1.3: Sýrison úr samkeppni Samtökanna '78 um nýtt lógó félagsins eftir Ær, Calimoch, Boðbera, Sassa og Kát



Niðursöður dómeindar og gesta félagsmiðstöðvarinnar voru samhljóða og afdráttarlausar í stuðningi við merki hannað af “Óla” - Bjarka Lúðvíkssyni grafísku hönnuði hjá Hvíta húsinu. Merkið myndar tölustafina 78 í njúkum hringlaga formum og er í regnbogalitunum (sjá einnig á forsíðu). Í dag má líta bréfsæfni, nafnsþjöld, vefhaus og umslög með nýja útlitinu.



Mynd 1.4: Nafnsþjald með merki sem Bjarki Lúðvíksson hannaði en hann sigraði í keppinni.

## 2. Fræðsla og ráðgjöf, fjölmiðlun, upplýsing og félagslegur stuðningur

### 2.1. Jafningjafræðsla og annað fræðslustarf í skólum

Líkt og undanfarin ár býður starfsfólk Samtækanna '78 upp á fræðslufundi fyrir nemendur á öllum skólastigum landsins auk fræðslu til kennara, hjúkrunarfræðinga, félagráðgjafa og annarra fagstétta sem þess óska.

Veturinn 2006–2007 höfðu Hrafnkell T. Stefánsson og Birna Hrönn Björnsdóttir yfirumsjón með jafningjafræðslu í skólum, þ.m.t. kynningu og skipulagningu á henni. Með þeim starfar sérstakt fræðsluteymi sem í eru núverandi og fyrrverandi meðlimir í ungmennahópi félagsins auk annars ungs fólks sem áhuga hefur á að sinna skólafundum. Auk Birnu Hrannar og Hrafnkels sinntu fræðslufundum í skólum þau Arna Arinbjarnardóttir, Auður Halldórsdóttir, Baldvin Kári Sveinbjörnsson, Erlingur Óttar Thoroddsen, Guðlaugur Kristmundsson, Hafsteinn Tómas Sverrisson, Kári Emil Helgason og Silja Hlin Guðbjörnsdóttir. Hugmyndin er sú að fræðslufundirnir séu byggðir upp sem jafningjafræðsla þannig að nemendurnir fræðist af samkynhneigðum jafnöldrum sínum um hvernig það sé að vera samkynhneigð manneskja, hvað sé frábrugðin og hvað líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkynhneigðra og lagaleg réttindi þeirra í dag. Stöðug fjölgun skólafunda er skýr vísbending um það að kennarar og skólastjórnendur kunni að meta þessa þjónustu félagsins og geri sér æ betur grein fyrir því að fræðsla um líf og reynslu samkynhneigðra er sjálfsögð og eðlilig í skólastarfinu. Á starfsárinu voru haldnir 57 skólafundir, þar af 22 á grunnskólastigi, 32 á framhaldsskólastigi, einn í félagsmiðstöð og tveir með hópu má háskólastigi.

Er þetta fjölgun frá árinu áður en þá voru haldnir 53 slíkir fundir. Auk fundanna var haldinn kynningarfundur á þessari þjónustu með Skólastjórafélagi Reykjavíkur og með skólastjórnendum og kennurum í Hagaskóla, og var í kjölfarið boðið upp á fræðslu fyrir alla nemendur í tveimur efstu bekkjum skólans. Auk þessara funda voru haldnir jafningjafræðslufundir í báðum framhaldsskólunum á Akureyri og í öllum grunnskólum bæjarins. Umsjón með þeim hafði Sverrir Páll Erlendsson menntaskólakennari og með honum þau Anton Sgurður Magnússon, Helga Margrét Clarke og Guðlaugur Kristmundsson sem flaug norður á vegum Samtækanna '78 til þess að aðstoða við nokkra fundi.

Fundahöld og fyrirlestrar eru aðeins einn þáttur í starfi félagsins að fræðslumálum. Auk þeirra ræðir Hrafnkell T. Stefánsson við nemendur sem setja sig í samband við félagið vegna verkefnavinnu sinnar. Slíkir fundir eru tíðari eftir því sem ofar er komið í skólakerfið og töldu þeir á starfsárinu 15 hópa.

Með styrk frá Landlæknisembættinu voru upplýsinga kort til nemenda endurprentuð í 6000 eintaka upplagi og í byrjun ársins send til allra nemenda í 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu en á næstu vikum verða þau svo send til nemenda í 10. bekk annars staðar á landinu. Með sendingunni fylgir bréf þar sem skólastjórnendur og lífsleikni kennarar eru beðnir um að sjá til þess að kortunum sé dreift til nemenda. Á kortunum er í hnitmiðuðum texta á annarri hlið talað við samkynhneigða og tvíkylnhneigða unglinga og hvert sé hægt að leita eftir stuðningi. Á hinn hliðinni er talað til gagnkynhneigðra unglinga og hvað þeir gefi gert til þess að styðja samkynhneigða félaga sína þegar þeir taka fyrstu skrefin í átt til sýnileika.

Með frumvarpi menntamálaráðherra um breytingar á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, lagt fram á Alþingi í janúar 2006, var kynhneigð í fyrsta sinn nefnd í þeim lögum þar sem mikið er að jafnræði nemenda og afnámi mismununar. Samtökin '78 veittu umsögn um málið þar sem þessum áfanga er fagnað og bent á að samkynhneigðir veruleiki tengist málefnum grunnskóla í margvíslegri mynd og að hann þurfi að styðja og vernda í lagasetningu. Þá var fulltrúum félagsins boðið á fund nefndarinnar sem vinnur að endurskoðuninni og gerðu þeir grein fyrir sjónarmiðum félagsins. Í kjölfarið var framkvæmdastjóra félagsins boðið að sitja hálf dags ráðstefnu þar sem breytingamar á lögum voru ræddar auk sérstaðrar ráðstefnu um lífsléikni kennslu í skólum.

Síðastliðið haust skiluðu Samtökin '78 greinargerð vegna breytinga á leikskólalögum nr. 78/1994 þar sem bent er á að töluverður hluti barna í leikskóla meigi til samkynhneigðra fjölskyldna að telja, auk samkynhneigðra starfsmanna leikskólanna, sem sé nauðsynlegt að njóti verndar og stuðnings í lögu og reglugerðum um leikskóla.

Þau Áki Árnason og Berglind Sgurðardóttir unnu lokaverkefni við leikskólakennarabraut Kennaraháskóla Íslands, barnabókina *Söru* ásamt handbók um fjölskyldur samkynhneigðra og var hún send að gjöf til allra leikskóla á landinu. Þetta er myndskreytt saga sem fjallar um telpu sem býr hjá feðrum sínum, en sagan á margt samþykkanlegt með hefðbundnum barnabókum. Sérkenni hennar er að henni er ætlað að gera fjölskyldur barna sem eiga samkynhneigða foreldra sýnilegri í leikskólum og opna umræðu um fjölskyldur þeirra meðal leikskólubarna og draga þannig úr staðalmyndum og fordómum. Samtökin '78 styrktu gerð bókarinnar um 25.000 kr. en verkefnið var styrkt af Vísindasjóði Félags leikskólakennara og menn taráði Reykja víkurborgar.

Fræðsla til kennara og annars starfsfólks skóla er mikilvægur liður í fræðslustarfinu í skólum ekki síður en jafningjafræðslan til nemenda. Hér er mikið verk fyrir höndum enda þarf að skilgreina og móta fræðsluna frá grunni og sennja fræðsluefni svo nokkuð sé nefnt. Á Akureyri voru stigin merkileg skref á árinu þegar Skóladeild Akureyrar og skólustjórar grunnskólanna í bænum buðu öllum grunnskólakennurum bæjarins upp á námskeið um samkynhneigð með tilliti til liðanar nemenda í skólum. Á námskeiðinu, sem haldið var í Brekkuskóla, töluðu Ingunn Snædal kennari, Guðmundur Páll Ásgeirsson námsráðgjafi, Helga Margrét Clarke háskólaniemi og Sigurlína Jónsdóttir kennari við Brekkuskóla. Umsjón með fundinum annaðist Sverrir Páll Erlendsson menntaskólakennari og dreifði hann bæklingi sem hann hefur unnið um efnið og nefnið *Undir regnboganum*. Sverrir Páll hefur einnig annast sameignar námskeið í Ársskóla á Sauðárkróki og í Nesskóla á Neskaupsstað.

Fyrir rúmu tveimur árum var ákveðið að ráðast í gerð fræðsluefnis um samkynhneigða á vinnu markaði með það í huga búa hinsegin fólki sem bestar aðstæður á vinnustað, stuðla að sýnileika þess og forða einelti. Nokkurt fé fékkst til verkefnisins, og Anna Einarisdóttir og Þorvaldur Kristinsson unnu um skeið að efnissöfnun og forvinnu en því miður hefur verkefnið ekki náðst í höfn og verður það væntanlega eitt af verkefnum nýs fræðslu fulltrúa að ljúka því á nýju starfsári.

## 2.2. Undirbúningur að ráðningu fræðslufulltrúa

Áhersla á fræðslumál mótaði starf stjómara á starfsárinu. Eftirspurn og þörf á fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk skóla, svo og í íþróttum og í tvinnum lífi, hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum misserum og ljóst að hið mikla álag sem er á sjálfbodaliða kallar á breytingar. Mikilvægt er að byggja upp fræðslustarfið með markvissum hætti og léttu álag á sjálfbodaliðum men um leið þarf að ná betur utan um fræðslustarfið í heild sinni og tengja það annari starfsemi Samtakanna '78 svo sem félagsráðgjöfinni. Ráðning fræðslufulltrúa í 100% stöðu verður mikilvægur áfangi í uppbyggingu fræðslustarfsins en hlutverk væntanlegs starfsmanns verður að móta og byggja upp fræðslustarf á veltvangi Samtakanna '78 í samstarfi við stjórn félagsins og hinda því í framkvæmd.

Stjórn félagsins hóf umfangsmikla vinnu til að leita leiða til að afla fjármagns svo að ráðning fræðslufulltrúa gæti orðið að veruleika á árinu 2007 og leitaði í því skyni til ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs með ágætum árangri. Sérstök áhersla var lögð á að kynna starfsemi félagsins og þörfina á öðru stöðugildi til að byggja upp fræðslustarf í samstarfi við yfirvöld. Sérstaklega var leitað til nýrrar borgarstjórnar og óskuðu forráðamenn félagsins eftir fundi með borgarfulltrúum. Á haust- og vetrarmánuðu mihttu fulltrúar félagsins þá festa og kynntu félagið og þörfina á ráðningu starfsmanns til þess að halda utan um fræðslustarf. Einnig var stjórnsmálamönnum og embættismönnum boðið í heimsókn í félagsmiðstöðina á Laugavegi 3 til að kynna starfið frekar og gaf það mjög góða raun.

Að undirlagi Ingibjargar Guðmundsdóttur, formanns FAS, hófst samstarf við menntaráð Reykjavíkurborgar með það fyrir augum að skipuleggja fræðslustarf um samkynhneigð í grunnskólum borgarinnar. Kallað var eftir samstarfi við Samtökin '78 í byrjun sumars og sat Frosti Jónsson þá fundi

fyrir hönd félagsins. Að ráði varð að sækja um fjármagn til þróunarsjóðs menntasviðs Reykjavíkurborgar fyrir hálfá stöðu fræðslufulltrúa. Sá styrkur var síðan veittur í byrjun árs 2007, svo og styrkur frá borgarráði. Sú orka sem fór í að kynna málefnið fyrir stjórnsmálumönnum og embættismönnum Reykjavíkurborgar gaf því góða raun.

Miklar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi stórra einka fyrirtækja og ljóst að ný sókn á þann vettvang getur skipt sköpum í fjáröflun. Stjórn félagsins lagði í því sambandi áherslu á að leita til einka fyrirtækja sem veita fjármagn til félagsmála og gaf það góða raun. Þannig tókst að afla 1 millj. kr. styrkjar frá Baugi, og umsókn til Glitnis skilaði félaginu þriggja ára samstarfssamningi að upphæð 1.5. millj. kr. til þess að standa straum af gerð fræðsluefnis. Á næsta starfsári er ætlunin að leita í ríkara mæli eftir samstarfi við einkafyrirtæki og sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur, en tæpur þriðjungur þeirra sem eru á félagaskrá Samtakanna '78 búa í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík.



Mynd 2.1: Afhending úr styrktarsjóði Baugs



Mynd 2.2: Undirritun samstarfssamnings við Glitni

### 2.3. Samstarfsverkefni Samtakanna '78, menntasviðs Reykjavíkurborgar og FAS

Menntaráð Reykjavíkurborgar veitir árlega styrk til þróunarverkefna sem hafa það að markmiði að efla skólastarf í grunnskólum borgarinnar. Meðal þýranna verkefna sem biða fræðslufulltrúa er að móta fræðslustarf meðal fagfólks í grunnskólum Reykjavíkurborgar og sótti félagið um styrk til menntaráðs til að fjármagna verkefnið. Mikil vinna var lögð í að undirbúa styrku umsókn til menntaráðs en umsóknarferlið átti sér nokkurn aðdraganda. Í kjölfar fundar FAS með menntasviði vorið 2006 óskaði Anna Kristín Sigurðardóttir skrifstofusjóri grunnskóla skrifstofu menntasviðs eftir því að komið yrði á starfshópi til þess að fylgja eftir þeirri umræðu sem átti sér stað á fundi FAS og menntasviðs. Niðurstaðan var sú að óska eftir fulltrúum frá Félagi foreldra og aðstandenda samkynhneigðra - FAS og frá Samtökunum '78 í samstarfshóp ásamt tveimur fulltrúum menntasviðs, þeim Guðrúnu Eddu Bentsdóttur, fulltrúa frá Grunnskólaskrifstofu, og Valgerði Janusdóttur frá starfsmannajónu stuðningsmenntasviðs. Hópnunum var ætlað að ræða mögulegar leiðir í fræðslumálum í grunnskólum Reykjavíkur og koma með tillögum um leiðir í þeim efnum. Fyrsti fundur hópsins var 11. september og hinnasti hópurinn reglulega fram eftir hausti. Í kjölfar þeirrar vinnu og umræðu sem fram fór innan starfshópsins var ákveðið að Samtökun '78 sæktu um styrk í þróunarsjóð menntaráðs Reykjavíkurborgar til að hrinda í framkvæmd fræðsluverkefni til þriggja ára. Markmið verkefnisins er að byggja upp fræðslustarf um samkynhneigð meðal starfsfólks, nemenda og foreldra í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Samtökun '78 munu leiða verkefnið en það er unnið í samstarfi við menntasvið, grunnskóla Reykjavíkur og FAS. Langtíma markmið verkefnisins er að stuðla að vellíðan starfsmanna, nemenda og foreldra með upplýstri og fordómalausri umræðu um samkynhneigð á vettvangi grunnskólans. Grundvallarhugmyndin hér að baki er sú að grunnskólinn geri ráð fyrir öllum börnum, kenni um öll börn og tali til allra barna. Í grunnskóla heyrir töluverður hluti barna til samkynhneigðra fjölskyldna, þau eiga homma að föður eða lesbiu að móður eða samkynhneigð systkini, ættingja, afka eða ömmur. Önnur börn og unglingar eru í þann mund að átta sig á eigin kynhneigð. Fátt er þessum börnum merfiðara en að þeim og fólkinu þeirra sé mætt með þögn og að talað sé um samkynhneigt fólk og fjölskyldugerðir sem eitthvað handan við veruleika skólans. Menntaráð veitti verkefninu styrk að upphæð 1.6 millj. króna og er það mikilvægur áfangi í uppbyggingu fræðslustarfs Samtakanna '78. Samstarfshópur sem í sitja fulltrúar frá menntasviði Reykjavíkurborgar, FAS, Samtökunum '78 auk fulltrúa fagfólks skólanna mun halda utan um verkefnið í faglegu tilliti. Fræðslufulltrúi Samtakanna '78 mun stýra verkefninu.

#### 2.4. Trúnaðarráðsfundur á Akureyri

Á vordögum héldu Samtökin '78 annan tveggja trúnaðarráðsfundu norðan heiða á Akureyri. Mikill áhugi er fyrir því af hálfu sjónar Samtakanna '78 að efla samstarf við landsbyggðina. Starf Norðurlandshóps Samtakanna '78 hefur verið til mikils sóma á liðnum árum og vildi stjórn Samtakanna '78 sýna í verki stuðning sinn við starf samkynhneigðra á landsbyggðinni. Eygló Aradóttir, meðlimur í trúnaðarráði og Norðurlandshópi Samtakanna '78 ásamt Guðjóni R. Jónassyni varaformanni félagsins áttu veg og vanda að skipulagningu fundarins. Sérstök áhersla var lögð á að kynna st. því öflugan starfi sem átt hefur sér stað í fræðslu málu má Akureyri og nágrenni og af því tilefni hélt Sverrir Páll Erlendsson erindi um starfið. Þá var fulltrúa Jafnréttisstofu boðið að flytja erindi á fundinum, en það er opinber stefna Samtakanna '78 að nauðsynlegt sé að víkka út jafnréttishugtakið til þess að það rúmi einnig samkynhneigða, fatlaða og fólk af ólíkum kynþáttum. *Hver er sýn Jafnréttisstofu á hugtakið jafnrétti?* var umræðuefni Hugu R. Hjaladóttur fulltrúa Jafnréttisstofu. *Jafnrétti fyrir alla: Leiðrétting jafnréttishugtaksins* var yfirskrift erindis Rannveigar Traustadóttir prófessors við Háskóla Íslands þar sem hún fjallaði um jafnréttishugtakið frá nokkrum hliðum. Birna Hrönn Björnsdóttir og Erlingur Thoroddsen kynntu jafningjafraðslu Samtakanna '78 og settu fram hugmyndir um það hvernig betur mætti stýja við bakið á því mikilvæga starfi.

#### 2.5. Trúnaðarráðsfundur í Bláa lóninu: „Hver er stefna þíns sveitarfélags?“

Laugardaginn 4. nóvember hélt félagið trúnaðarráðsfundu í fundarsal Bláa lónsins sem helgaður var fræðslustarfi félagsins með áherslu á fræðslu á vettvangi grunnskólanna. Fulltrúum sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur var boðið að taka þátt og kynna stefnu síns sveitarfélags í jafnréttismálum og fræðslu um samkynhneigð undir titlinum *Hver er stefna þíns sveitarfélags?* Trúnaðarráðsfundurinn var tvískiptur. Fyrir hádegi var hann helgaður innri málefnum Samtakanna '78 með sérstakri áherslu á samkynhneigða í íþróttum. Þar tóku til máls Fríða Agnaradóttir og Kristín Sævaradóttir fyrir hönd blakliðs KMK og kynntu alþjóðlegt blakmót sem haldið verður á páskum 2007. Síðan sagði Hanne Páll Pálsson ráðstefnugestum frá fótboltafélaginu Styrmi sem sömuleiðis setur markað hátt og er á leið til Argentínu á heimsmeistarumót 2007. Klara Bjartmarz greindi frá starfi nefndar á vegum ÍSÍ um söðu minnihlutahópa innan íþróttahreyfingarinnar en tilurð þeirrar nefndar má að hluta til reykja til þess að Samtökin '78 tóku á síðasta ári upp málefni samkynhneigðra í íþróttum á trúnaðarráðsfundu þar sem fulltrúum ÍSÍ var boðið að taka þátt.



Mynd 2.3: Frá dagskrá trúnaðarráðsfundar í Bláa lóninu

Á síðari hluta ráðstefnunnar var fulltrúum sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur boðið að kynna sér fræðslustarf Samtakanna '78 og að lýsa stefnu sveitarfélags síns í málefnum samkynhneigðra. Baldur Þórhallsson prófessor fjallaði um stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun, á hvaða grunni stefnan byggir, markmið hennar og áhrif. Þá fjallaði hann um það hvað sveitarfélög geta gert til þess að vinna gegn mismunun og stuðla að jafnrétti, og forvaramargildi slíks starfs. Hrafnhildur Gunnarsdóttir formaður Samtakanna '78 kynnti stefnu félagsins hvað varðar fræðslu um samkynhneigð og jafnréttismál framtíðarinnar. Hún sýndi jafnframt búið úr kvikmynd sinni um réttindabaráttu samkynhneigðra og sögu, fræðslu og útgáfu fyrri ára. Í myndbandinu sögðu Þorvaldur Kristinsson og Ragnhildur Sverrisdóttir frá fræðslu og skólafundum má níunda áratug síðustu aldar og minntu st. útgáfu og dreifingu blaðsins *Úr Felum*, sem var fyrsta tímarit homma og lesbía á Íslandi. Í pontu stigu svo Sara Dögg Jónsdóttir fyrirverandi fræðslufulltrúi Samtakanna '78 og Þorvaldur Kristinsson fyrirverandi formaður Samtakanna '78 og sögðu frá fræðslustarfi á vettvangi félagsins á undanförunum árum. Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður FAS, fjallaði um fræðslumál og mikilvægi samstarfs við sveitarfélögin frá sjónarhorni foreldra. Valgerður Janusdóttir, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, kynnti starf nefndar menntasviðs Reykjavíkurborgar að fræðslu um samkynhneigð. Loks fjölluðu Sverrir Páll Erlendsson menntaskólakennari og Gunnar Gíslason deildarsjóri skóladeildar Akureyrar um starf

Akureyrarbæjar að fræðslu málu m um samkynhneigð í grunnskólum bæjarins og reynsluna af því. Öll ráðstefnan var tekin upp á myndband og er hægt að horfa á erindin á vef Samtakanna '78, [www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is)

Fulltrúar frá Akranesbæ, Seltjarnarnesi, Vögum og Reykjanesbæ mættu á fundinn en hins vegar vantaði fulltrúa frá stærstu sveitarfélögunum svo sem Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Árborg og Garðabæ. Stefnit er að því að halda starfinu áfram og bjóða fulltrúm þessara sveitarfélaga til sambærilegrar ráðstefnu í húskynnum Samtakanna '78 þar sem boðið verður upp á dagskrá og starf félagsins rækilega kynnt.

## 2.6. Styrkir til lokaverkefna á háskólastigi

Á undanförunum árum hefur mikil gróska verið í svonefndum hinsegin fræðum víða erlendis. Hugtakið er þýðing á enska hugtakinu „Queer Theory“ og í raun er hér um að ræða safn nokkuð ólíkra rannsókna og aðferða. Þessir fræðastrámar hafa borist hingað til lands og er skemmt að minnstaft fyrirlestaraðar sem Samtökin 78 efndu til í byrjun árs 2006 í samstarfi við nokkrar stofnanir Háskóla Íslands undir yfirskriftinni *Kynhneigð – Menning – Saga*. Félagið stóð fyrir sams konar fyrirlestarað árið 2003 á tuttugu og fimm ára afmæli sínu. Í tengslum við þessar fyrirlestaraðir hefur verið boðið upp á námskeið við Háskóla Íslands á vegum námsbrautar í kynjafræði við félagsvísindadeild um hinsegin líf og hinsegin baráttu. Þar hefur mjög verið stuðst við erlendar rannsóknir enda hafa ekki farið framviðtækar íslenskar athuganir á stöðu hinsegin fólks og segja má að slíkar rannsóknir skorti hér að mestu á þessu sviði. Til að stuðla að aukinni grósku í hinsegin fræðum innan íslenska fræðasamfélagsins auglýstu Samtökin '78 í upphafi ársins 2006 styrk til nema við íslenska háskóla til að vinna lokaverkefni sem hafa málefni samkynhneigðra að leiðarljósi. Markmið styrkveitingarinnar var að efla rannsóknir og fræðastarf sem lúta að lífsskilyrðum og menningu samkynhneigðra á Íslandi, t.d. á sviði félagsvísinda, hugvísinda, heilbrigðisfræða, lögfræði, guðfræði eða hagfræði.

Þetta var í fyrsta sinn sem félagið veitti slíka styrki og var því rennt nokkuð blint í sjóinn hvað viðtökur snerti. Þó bærust fjórar umsóknir, tvær til verkefna á MA-stigi og tvær á BA-stigi. Erfitt reyndist að gera upp á milli verkefnanna enda voru þau öll frambærileg, hvert á sínu sviði. Stjórn félagsins ákvað því að styrkja MA-verkefni um 50.000 kr. hvort en hvert BA-verkefni um 25.000 kr. Innifalið í styrkjunum var einnig vinnuástaða í húsnæði Samtakanna '78 og ókeypis aðgangur að bókasafni félagsins meðan á verkefna vinnu stóð. Þessi verkefni hlutu styrki:

*Hefur fræðsla áhrif á viðhorf grunnskólakennara til samkynhneigðar og tvíkynhneigðar? MA-verkefni.* Höfundur: Kristín E. Viðarsdóttir, Kennaraháskóla Íslands. 50.000 kr.

*Blessun eða vígsla samkynhneigðra para. Afstaða kirkjunnar og vænningur samfélagsins. MA-verkefni.* Höfundur: Karólína Hulda Guðmundsdóttir, guðfræðideild Háskóla Íslands. 50.000 kr.

*Birtingarmynd kynhneigðar í námsefni í samfélagsfræði fyrir yngstu nemendur grunnskóla. BA-verkefni.* Höfundar: Birna Óskarsdóttir og Helga Björk Pálmadóttir, kennaradeild Háskólans á Akureyri. 25.000 kr.

*Samkynhneigðir og réttur þeirra til að ala upp börn. BA-verkefni.* Höfundar: Anna Björk Rúnarsdóttir og Ása Bergþórsdóttir, lagadeild Háskólans í Reykjavík. 25.000 kr.

## 2.7. Vefsíða

Fyrsta vefsíða félagsins fór í loftið árið 1997 en hún hefur verið aðgengileg á núverandi sóð í rúmsjö ár. Síðan nýtur vaxandi vinsælda og þar er að finna upplýsingar um félagið, tilgang þess og markmið, félagsstarf, fræðslu og ráðgjöf, svo og aðra þjónustu sem félagið hefur að bjóða. Þá er vefsíðan vettvangur fræðslu um baráttumál, líf, menningu og sögu hinsegin fólks. Á síðunni er að finna ítarlegt safn greina, fréttar, tilkynninga og pistla sem mynda merkilega heimild þegar fram líða stundir.

Núverandi síða birtist á Netinu í talsvert breyttri mynd í lok desember 2005. Á henni voru ýmsar nýjungar sem mælst hafa vel fyrir og stuðlað að öflugri upplýsingagjöf og bættri þjónustu. Má þar nefna þann möguleika að geta skráð sig í félagið beint á síðunni, en sú nýjung hefur tvímælalaust stuðlað að þeirri fjölgun félaga sem átt hefur sér stað undanförunu og nýskráningar á netinu verða ælengari. Einnig var leitarforrit komið fyrir á forsiðu sem gerir hana enn aðgengilegri. Á árinu var hljóð- og myndefni í fyrsta sinn gert aðgengilegt til niðurhals en þar er um að ræða upptökur frá erindum um fræðslumál sem fluttu voru í Bláa lóninu 4. nóvember. Efir er að setja upp enskan hluta síðunnar en að því verki vinnur Ben Cockerill og stefnt er að því að grunnupplýsingar um félagið, löggjöf og skemmtanalíf verði birt á enska hlutanum í byrjun maí. Fleiri nýjungum verður bætt við eftir því sem efni og aðstæður leyfa en tæknilegur grunnur síðunnar býður upp á stöðuga þróun og endurnýjun.



Alls birtust 213 tilkynningar á starfsárinu, 83 fréttir, 6 pistlar, 5 greinar og eitt viðtal. Þá er starfsskýrsla 2005–2006 aðgengileg í greinasafni svo og þau tvö fréttabréf sem gefin voru út á starfsárinu. Fyrirtækin BYKO, Glitnir, Síminn og Maður&kona auglýstu á síðunni á árinu. Tölvufyrirtækið Inn þjónustar síðuna sem er hýst hjá Símanum í ms-sql gagnagrunni. Líkt og undanfarnin ár hýsir Nettækni hins vegar lén og pósthjón félagsins án endurgjalds og kann stjórn félagsins fyrirtækinu bestu þakkar fyrir.

## 2.8. Fréttabréf og önnur útgáfa

Í nóvember 2006 réðist stjórn Samtakanna '78 á ný í útgáfu fréttabréfs. Frosti Jónsson ritari félagsins tók að sér að riðstýra því og síðan var komið á ritnefnd sem sér um efnið flun og skrif. Þau sem hafa skrifað í fréttabréfið eru Baldvin K. Sveinbjörnsson, Bina María Björnsdóttir, Frosti Jónsson, Grétar Einarsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Hrafnkell T. Stefánsson og Þorvaldur Kristinsson. Stjórn og ritnefnd settu sér það markmið að afla auglýsinga til þess að standa straum af útgáfukostnaði og hefur það gengið eftir að mestu. Fyrsta fréttabréfið var gefið út í 500 eintökum en vegna mikillar eftirspurnar var upplagið aukð í 1000 eintök. Fréttabréfið verður gefið út 4–6 sinnum á ári og því er dreift til allra félagsmanna en einnig á bókasöfn á öllu landinu, á bóðsöfnum lækna, sálfræðinga, geðlækna og annarra heilbrigðissöfnana. Fréttabréf Samtakanna '78 er rödd félagsins út á við. Í því er lögð áhersla á að fjalla um málefni sem tengjast mannréttindabaráttu homma, lesbía, tvíkynhneigðra og transgender fólks. Einnig er lögð áhersla á að vekja athygli á þeim viðburðum sem eru á döfnni og kynna þá fjölmörgu starfshópa sem starfa undir regnhlíf Samtakanna '78. Í sumari er stefnt að veglegri útgáfu sem verður bæði á alvarlegum og léttum nótum með viðtölu, fræðigreinu, slúðri og ljósmyndum, sambland af fróðleik, aþþreyningu og skemmtiefni.



Mynd 2.4: Sýnishorn af fréttabréfum

## 2.9. Bókasafn

Bókasafn félagsins var sem fyrr opið á mánudögum og fimmtudögum kl. 20–23 og á laugardögum yfir vetrarmánuðina kl. 13–17, alls 10 tíma í viku. Einnig var safnið opið gestum til lestrar án útlána alla virka daga milli kl. 13–17, alls 20 tíma. Safnsturinn er allur skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Á árinu voru um 95% af tímaritakosí safnsins skráð á Gegni, en tímaritin höfðu áður legið óskráð. Spanna þau langt tímabil, allt aftur til 1980, og þar er marga fjársjóð að finna. Als tóku áttá félagar vakir í sjálfböðavinnu en yfirumsjón með skráningu og samskiptum við Landskerfi bókasafna hafði Jón Sævar Baldvinsson, bókasafnsfræðingur. Frá sumri 2005 hafa sjálfböðaliðarnir alfarið séð um úrklippusafni félagsins, en áður var sú þjónusta keypt af miðunar fyrirtæki. Vinnuframlag sjálfböðaliðanna á liðnu ári nam um 3,5 verk mánuðum.

Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 178 gögn (223 árið 2005); bókakostur jókst um 91 titil en myndböndum og mynddskum fjölgaði um 87 titla milli ára. Tíu tímarit berast safninu ókeypis en tvö í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við ritgerðaskrif, en flestum framhaldsskólameðum er vísað á greinasafn á vefsíðu félagsins. Háskólastúdentar og fræða fólk

nýta hins vegar safnið í tengslum við námið í hinsegin fræðum, hjúkunarfræðum, kennslufræðum og fleiri greinum í ýmsum háskólum landsins, enda geymir safnið margt rita sem hvergi annars staðar er að finna hér á landi.

Heildarútlán safnsins námu 1182 titlum og nemur samdráttur útlána 11.7% frá fyrra ári (8.9% aukning 2005). Bækur voru 39% af útlánunum og kvikmyndafni 61% (35% og 65% árið 2005). Sá samdráttur sem hér birtist stíngur nokkuð í stúf við síðustu ár, en yfirleitt hafa útlán aukist um 4–9% milli ára. Ljóst er að hér eru m. v. við fyrst að merkja þann samdrátt sem verið hefur á íslenskum bókasöfnum allt frá árinu 2003 og ekki sér fyrir endann á. Ýmsar skýringar eru nefndar á þessu. Almenn er talið að almenningsbókasöfn eigi erfiðara uppdráttar þegar þensla er í hagkerfi og kaupgeta mikil, og einnig má ætla að möguleikar á að sækja myndefni á Netið og erlendar sjónvarpsstöðvar hafi sín áhrif á okkar safn. Í von um að sjá aukningu útlána er fátt annað til ráða en að efla innkaup og kynna safnkostinn í meira mæli en gert er. Hins vegar telst það ágætur árangur að árleg útlán skuli nema um fjórðungi af heildarsafnkostinum.

Á síðustu árum hefur verið unnið skipulega að innkaupum, reynt er að gæta jafnvægis í kaupum á myndefni fyrir konur og karla þó að úrvalið sé margfalt meira af efni sem talið er höfða til karla. Hlutfall kvikmynda í safnkostinu mer sem fyrr um 60% karlar og 40% konur hvað skráða tilhöfðun varðar í leitarorðum. Þá er árlega unnið að því að þetta ákveðna efnisflokkahvað fræðirit varðar.



Mynd 2.5: Af bókasafni félagsins

## 2.10. Ráðgjafarstarf

Félagsráðgjöf Samtakanna '78 var með nokkuð óbreyttu sniði árið 2006. Eins og áður var markmiðið að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu og ýmis réttinda mál. Boðið er upp á 1–3 viðtöl en ef talin er þörf á fleiri viðtölum eða meðferð er vísað til annarra sérfræðinga utan félagsins. Viðtölin við félagsráðgjafa eru pöntuð hjá framkvæmdastjóra og ekki er greitt sérstaklega fyrir þau. Tveir félagsráðgjafar skipa með sér viðtölunum, þær Anni G. Haugen og Guðbjörg Ottósdóttir.

Eftirspurn eftir viðtölum er jafnan nokkuð sveiflukennd og hefur þeim fækkað nokkuð frá síðasta ári en árið 2006 voru þau 41 (56 árið 2005). Mun fleiri karlmenn komu í viðtöl en konur, en jafnframt komu nokkrir foreldrar í viðtöl og samkynhneigð pör. Stærsti hluti þeirra sem komu voru á aldrinum 21–40 ára. Flestir mættu í eitt viðtöl, en nokkrir í tvö eða fleiri.

Helstu ástæðurnar fyrir því að óska eftir viðtali við félagsráðgjafa voru ýmsar vangaveltur kringum það að „koma út“ og óryggi sem tengist kynhneigð. Spurningarnar sem tengjast því að koma út eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningu um það hvernig líf samkynhneigðra sé. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á bömin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.fl. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt væri að hitta aðra samkynhneigða, sérstaklega ef viðkomandi hafði ekki áhuga á að sækja bari eða skemmtistaði. Óryggi varðandi kynhlutverk tengist oftast en ekki eigin fordómum og því hvernig hægt sé að taka á því.

Nokkur hluti þeirra sem komu í viðtöl eru í gagnkynhneigðu hjónabandi, eru óruggir um eigið kynhlutverk og fullir angistar, kvíða og sektakenndar yfir því að finna fyrir tilfinningum sem samrýmast ekki félagslegri stöðu þeirra sem maki í gagnkynhneigðu hjónabandi. Vangaveltur um ólíkar hliðar barnamála eru einnig nokkuð sem fólk óskar eftir að ræða við félagsráðgjafa. Þetta eru t.d. spurningar sem tengjast ólíkum leiðum til að eignast barn, forsendum stjúpættleiðinga, réttindamálum, kjörforeldrum, börnunum sjálfu og foreldrum sem ekki fara með forsjá barna sinna.

Fyrir marga er viðtöl hjá félagsráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna '78. Viðkomandi er þá boðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að

finna mikið efni um samkynhneigð málefni. Greinilegt er að Netið skiptir flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við aðra.

### 3. Almennt félagsstarf

#### 3.1. Félagslíf, skemmtanir og aðrir viðburðir

Opið hús í félagsmiðstöð var hvert mánudags- og fimmtudagskvöld. Þá var einnig opið á laugardagskvöldum frá miðju mjúli til loka ágúst. Fjöldi gesta á opnu húsi var 3039 eða 253 að meðaltali í mánuði. Er það svipaður fjöldi og í fyrra, en hins vegar talsverð fækkun sé litið lengra aftur í tímann. Aðsókn að viðburðum á Opnu húsi svo sem opnun listsýninga, á fræðslufyrirlestra og aðra auglýsta dagskrá hefur hins vegar verið afar góð og má sem dæmi nefna að á vinsælasta viðburðinn, hið árlega jólabingó, var fullt út úr dyrum og trúlega slegið met þegar yfir 130 manns mættu til þess að freista gæfunnar. Gestakoma á öðrum tímum en á Opnu húsi er einnig góð og fer vaxandi. Nýting húsnæðis er því mikil árið umkring, m.a. vegna hópastarfs, funda og annarrar þjónustu. Varleg tilraun til þess að telja þann fjölda sem sækir fundi hópa eða leitar til félagsins á skrifstofutíma telur um 2200 manns.

Samtökin '78 stóðu fyrir fimm dansleikjum á starfsárinu: í Þjóðleikhússkjallaranum, á Kaffi Reykjavík og á LÍDÓ. Önnur hinsegin böll voru haldin á vegum Hinsegin bíodaga og Hinsegin daga í Reykjavík. Þá stóð Frosti Jónsson sem stýrir vefsíðunni Gayce.is fyrir karlmánadansleik undir yfirskriftinni „Bears on Ice“ og gaf Samtökunum '78 hluta ágóðans.

#### 3.2 Intra starf Samtakanna '78

Á síðasta starfsári var aukin áhersla lögð á sjálfsefningu og fyrirlestra sem tengjast uppbyggingu einstaklingsins í skipulagðri dagskrá í félagsmiðstöð. Ljóst er að skipulögð dagskrá, hvort sem það er skemmti-, menningar- eða fræðsludagskrá ellegar viðburðir sem tengjast sjálfsefningu, stuðlar að mætingu í húsið og því reyndi stjómin eftir bestu getu að skipuleggja dagskrá fram í tímann.

Vorið 2006 var lögð áhersla á listsýningar í Regnbogasal. Þau sem sýndu á árinu voru Svavar G. Jónsson: *Úr safninu mínu, hefur þú áhuga að...* – ljósmyndir; Sólrún Jónsdóttir: *Ingrid bader sig* – ljósmyndir; Davíð Art. *Spánskt fyrir sjónir* – málverk; Magnús Þorgrímsson: *Án titils* – málverk; Ásdís Óladóttir: *Vetrarborgir* – málverk. Þá voru til sýnis tillögur hönnuða að nýju lógói félagsins og fólki gefinn kostur á að láta álit sitt í ljós. Fyrir stofn fund baráttu- og hagsmunasamtaka transgender fólks á Íslandi lánaði Sólrún Jónsdóttir ljósmyndir úr útskriftarverkefni sínu í ljósmyndun sem sýnir transvestit og transsexual einstaklinga í lífi og leik í Los Angeles. Magnús Þorgrímsson og Ásdís Óladóttir létu hluta af söluverði á málverkum sínum renna til bókasafnsins og kann félagið þeim bestu þakki fyrir.

Þóra Björk Smith og Guðjón R. Jónsson skipulögðu framboðs- og kynningarfund þeirra sem buðu fram í borginni á síðasta ári. Þar mættu fulltrúar allra fólka. Þessi stjórnaráfundir eru á kallega mikilvægir fyrir Samtökin '78 og okkar starf og full ástæða til að gefa þeim góðan gaum í framtíðinni.

Sérstakt viðburðadagatal var gefið út í bæklingi og sent til félagsmanna með jóladagskrá félagsins. Þar var að finna gott sambland af upplestri úr bókum, kvikmyndasýningum, tónleikum, bókmenntagöngu og öðrum menningarviðburðum. Langvinsælasti viðburðurinn var jólabingó. Vinningarnir voru hinir glæsilegustu og verðmæti þeirra um 700.000 kr. Þröng var á þingi í húsinu þetta kvöld og bein útsending á sjónvarps skjá úr Regnbogasal yfir í bókasafn þar sem gestir fylgdust spennir með útdrættinum.

Boðið var upp á fyrirlestraröð um trúarlíf og lífsskoðanir í tilefni Hinsegin daga eftir heimsókn rev. Pat Bumgardner og guðspjónustu Hinsegin daga í Hallgrímskirkju 13. ágúst. Dagskráin var skipulögð í samstarfi við Áhugahóp samkynhneigðra um trúarlíf – ÁST og Hinsegin daga í Reykjavík. Þar kynntu gestir ólík trúarbrögð og lífsskoðanir. Á vaðið riðu Haukur Guðmundsson og Eyrún Jónsdóttir og kynntu *Soka Gakkai International – Friðar- og menningarsamtök búddista*, trú búddista og lífsviðhorf þeirra gagnvart fjölbreytileika mannlífsins og samkynhneigð. Því næst kynnti Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði *Ásatrúarfélagið*, trú og lífsviðhorf ásatrúarmanna, meðal annars til samkynhneigðar. Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður *Síðmenntar – félags síðrænna húmanista á Íslandi*, kynnti félagið og lífsskoðanir síðrænna húmanista, síðferði án guðshugmynda og afstöðu húmanista til kynhneigðar fólks. Að lokum kynnti Grétar Einarsson veitarstarf ÁST – *Áhugahóps samkynhneigðra um trúarlíf*.

Samtökin '78 hafa löngum lagt mikla áherslu á fræðslu og fyrirlestra í tengslum við hagsmun- og réttindabaráttu samkynhneigðra. Á þessu ári voru nokkrir slíkir fyrirlestrar skipulagðir í félagsmið-



stöðinni á Laugavegi 3, og má þar nefna fund um ættleiðingar- og fósturmál sem Anni G. Haugen félagsráðgjafi stjórnaði. Þar fjallaði hún um tvær leiðir sem gjarnan eru hugleiddar fyrir þá sem vilja ala upp barn og eru nú heimilar að íslensku m. lögum, en þær eru annars vegar að taka að sér barn í fóstur eða ættleiða barn, ýmist með stjúpættleiðingu, frumættleiðingu og ættleiðingu frá öðrum ríkjum. Þá fjallaði Anni um forsendur þess að börn fari í fóstur eða eru ættleidd og þá lagaramma sem um er að ræða. Fulltrúar úr stjórn Íslenskrar ættleiðingar og formaður félagsins, Ingibjörg Jónsdóttir, komu á fyrirlesturinn og svöruðu spurningum gesta. Heimsókn þeirra verður að teljast mikill sigur fyrir málefnið enda hafði Íslensk ættleiðing áður lýst neikvæðri afstöðu til ættleiðinga samkynhneigðra sem meðal annarsbirtist í umsögn félagsins um lög um réttarstöðu samkynhneigðra.

Á haustdögum skipulagði Þóra Björk Smith fræðslufund um tækni frjógvanir þar sem þau Anni G. Haugen félagsráðgjafi og Guðmundur Arason læknir á læknastöðinni Art Medica höfðu framsögu. Á fundinum útskýrði Guðmundur muninn á tæknisæðingu og glasafriðgun. Hann fjallaði um tæknilegar hliðar á tækni frjógvan og kostnað meðferðarinnar. Guðmundur sagði svo frá því í lok fundarins að fyrsta barn lesbúpars sem leitað hefði til þeirra væri á leiðinni í heiminn.

„Er kominn hinseginn ferðahugur í þig?“ var yfirskrifin á myndakvöld úr ferðalagi Jóns Þórs Þorleifssonar, Felix Bergssonar og fjölskyldna um Afríku, svo og ferð Frosta Jónssonar og Páls Guðjónssonar um Kína. Báðir hóparnir skipulögðu þessar ferðir sjálfir svo þarna gafst gott tækifæri að læra af reynslu þeirra.

Svanfríður Lárusdóttir leiðbeinandi hjá J.C. Ísland skipulagði í samstarfi við Samtökin '78 námskeið í ræðuhaldi og framkomu. Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði ræðumennsku og það byggt upp á æfingum í framkomu, framsögn og uppbyggingu á ræðum. Fullbókað var á námskeiðið og verður boðið upp á fleiri sjálfsefningamámskeið á næsta starfsári. Þá bauð félagið upp á leiðtoganámskeið fyrir ungliðahóp félagsins þar sem áhersla var lögð á huglæga umfjöllun um fræðslu fyrir fullorðna og á jafningjagrundvelli. Námskeiðið hlaut ágætis undirtektir og verður framhald á slíku starfi með ungliðum. Í byrjun árs hélt Margrét Arnjósdóttir sálfræðingur athyglisverðan fyrirlestur um gjörhygli hugleiðslu (*mindfulness meditation*), hvaða áhrif hugleiðsla hefur, andlega og líkamlega, notkun hennar í heilbrigðiskerfinu og hvernig eigi að hugleiða.

Ákveðin stefnumörkun hefur átt sér stað hjá núverandi stjórn Samtakanna '78 um að beina sjónu minn á við. Ýmislegt er á dönni í þeim efnum á næstu mánuðum.

### 3.3. Starfshópar – samstarf við aðrar hreyfingar samkynhneigðra og tvíkynhneigðra

Samkvæmt félagslögum er hverjum félagi frjálst að stofna hópa um hugðarefni sín og á hverjum vetri starfa fastir hópar félaga um ýmis málefni. Samtökin '78 líta á það sem eitt af hlutverkum sínum að leggja slíku hópastarfi lið og gildir þá einu hvort um er að ræða sjálfstæða hópa eða félög með eigin stjórn, eða þá sem beinlínis starfa innan vébanda félagsins. Þeir njóta fyrirgreiðslu varðandi aðstöðu í félagsmiðstöð og kynningar á heimasíðu, í fréttabréfi og á póstlista. Margt af þessari starfsemi blómstrar og eflist jafnt og þéttan í öðrum tilvikum er áhuginn minni.



Mynd 3.1: Frá ungliða-uppákomu

**Ungliða hópur** Aukin sýnileiki ungs samkynhneigðs fólks, svo sem í tengslum við Hinseginn daga, á vefsíðu og vegna aukinna vinsælda skólafunda, hefur á undanförunum árum fest ungliðahóp félagsins í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar. Á póstlista hópsins eru nú um 100 manns en að jafnaði mæta 15–25 ungmenni á vikulega fundi á sunnudagskvöldum. Andri Kristjánsson, Ama Arinbjarnardóttir, Brynjar Hermannsson og Hafsteinn Tómas Sverrisson héldu utan um hópinn í samráði við framkvæmdastjóra og formann félagsins.

Í byrjun árs 2007 var Guðmundur Bergir Halldórsson starfsmaður hjá ÍTR ráðinn til þess að hafa yfirumsjón með hópnum í samstarfi við Birnu Hrönn Björnsdóttur og umsjónarfólk hópsins. Leitað hefur verið til borgarinnar varðandi frekari fjárhagsstuðning. Fjölgun í yngsta aldurshópnum vekur þá spurningu hvort tímabært sé að skipta honum með það fyrir augum að sinna nánar þörfum þeirra yngstu.

**Norðurlandsþópur – S78N** Starfhópsins var í nokkurri lægð á árinu en hann hittist þó öðru hvoru á kaffhúsum Akureyrar. Hópurinn skipulagði vandaða ráðstefnu í samvinnu við Akureyrarkirkju og Norðurlandsdeild FAS undir yfirskriftinni *Gulur, Rauður, Grænn*. Stjórnandi ráðstefunnar var Þorvaldur Þorsteinsson en erindi fluttu Þorvaldur Kristinnsson, Kristín Elva Viðarsdóttir, Anton Sgurður Magnússon og Gunnur Ringsted en prestarnir Svavar A. Jónsson, Óskar H. Óskarsson og Sólveig Lára Guðmundsdóttir fluttu stutt ávörp. Vöður Eggertsson las ljóð og tónlist fluttu Páll Óskar, Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson. Alls mættu um 80 manns á ráðstefnunni sem var öllum opin og heppnaðist í alla staði vel. Aföðru starfi S78N má nefna þátttöku í skólafundum sem máður er getið

**Áhugahópur samkynhneigðra um trúarlíf – ÁST** Frekar var dauft yfir starfi hópsins á starfsárinu vegna dræmrar þátttöku og ljóst að hópurinn þarf nauðsynlega á fleiri kröftum að halda til að dafna áfram. Stærsti viðburður ársins var regnbogamessa sem haldin var í samvinnu við söfnuð Hallgrímskirkju og Hinsegin daga í Reykjavík sunnudaginn 13. ágúst í Hallgrímskirkju. Þar predikaði Rev. Pat Bumsgardner frá söfnuði hinsegin fólks í New York, Metropolitan Community Church, fyrir þéttsetinni kirkju. Sex íslenskir prestar þjónuðu fyrir altari, en blandaður kór undir stjórn Áma Heimis Ingólfssonar söng við athöfnina og Lára Bryndís Eggertsdóttir lék á orgel. Sjónvarpað var frá athöfninni á NFS og vakti hún mikla athygli. Þá var haldin regnbogamessa á aðventu í Fríkirkjunni í Reykjavík. Sr. Ása Björk Ólafsdóttir var prestur athafnarinnar sem því miður var ekki fjölsótt. ÁST skipulagði einnig í samstarfi við Samtökin '78 og Hinsegin daga í Reykjavík fyrirlestarað um samkynhneigð, trú og lífsskoðanir.

**AA-deild** samkynhneigðra og tvíkynhneigðra hefur komið saman í félagsmiðstöð Samtakanna '78 hvert þriðjudagskvöld frá 1987 og mun það vera elsta samfellda hópstarf sem fram fer í húsnæði félagsins. AA-starf samkynhneigðra og tvíkynhneigðra er að öllu leyfi óháð starfi Samtakanna '78 en nýtt sér húsnæði félagsins gegn vægri húsaleigu.

**FSS – félag STK-stúdentna** Starfsemi FSS var með hefðbundnu sniði á árinu en félagar voru um 70 talsins sem er talsverð aukning. Líkt og undanfarin ár tók FSS þátt í skipulagningu Hinsegin daga í Reykjavík og vakti gönguatriði félagsins nokkra fjölmölaathygli en FSS-liðar gengu að þessu sinni undir slagorðinu „Hommar eru gæðablóð“ og var með því vakin athygli á þeirri mismunun að hommum er enn meinað að gefa blóð. FSS hafði veg og vanda að skipulagningu Alnæmsdagsins í samvinnu við Alnæmissamtökin 1. desember með blysför og dagskrá í Fríkirkjunni í Reykjavík. FSS fékk húsnæði Samtakanna '78 nokkrum sinnum lánað á starfsárinu til fundahalda, en um frekari samvinnu milli félaganna var ekki aðræða.

**Konur með konum – KMK** heldur úti félagsstarfi og vefsíðunni [www.kmk.is](http://www.kmk.is). KMK heldur úti öflugum íþróttastarfi með skipulögðum æfingum og keppni í blaki. Félagið starfar ekki innan vébanda Samtakanna '78 en á samstarf um upplýsinga miðlun og fundaraðstöðu auk þess sem félögin mætast í samstarfi að Hinsegin dögum í Reykjavík.

**FAS – Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra** FAS á náð samstarf við Samtökin '78 og heldur reglulega félagsfundir sínar í félagsmiðstöðinni á Laugavegi 3. Stuðningsfundir voru haldnar annan miðvikudag í mánuði. Haldnir voru sjö stuðningsfundir á starfsárinu. Ákveðin umræðuefni voru lögð til grundvallar á fundunum og má þar nefna: Mikilvægi samstarfs og sýnileika foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, niðurstöður rannsóknar Sigríðar Jónsdóttur um „Kviðasorg“, umræða um fordóma og mikilvægi fræðslu í skólum um samkynhneigð og samkynhneigða. Þá bauð FAS til samverustundar á aðventu en á henni kynntu fulltrúar hópa og félaga sem starfa að mállefnum samkynhneigðra og tvíkynhneigðra starf sitt. Fjórir fræðslufundir voru á árinu. Fundirnir voru haldnir í fundarsal Þjóðarþóklöðu – háskólabókasafni. Flytjendur og erindi á fræðslufundunum voru sem hér segir:

– Nóvember. Dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir, sálfræðingur: *Er kynhneigðin áunnin eða meðfædd gjöflífsins?*


– Janúar. Sigríður Jónsdóttir, hjúkunarfræðingur kynnti rannsókn sína: *Líðan foreldra samkynhneigðra: Af hverju er ekki hægt að viðurkenna barnið mitt?*

– Febrúar. Sr. Sigfinnur Þorleifsson: *Fordómar*.

– Mars. Sigríður Sía Jónsdóttir: *Bara að það hefði verið önnur kona!*

Eftir erindin var boðið upp á fyrirspurnir og voru umræður góðar. Fundirnir voru vel sóttir, um 60 manns þegar fjömmenni var mest.

**HILDI** eru samtök heyrnarskertra samkynhneigðra. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði í heimahúsum og skipuleggur ferðir 1–2 á ári. Á starfsárinu styrktu Samtökin '78 þrjá félaga í hópnum til þess að fara á alþjóðlega ráðstefnu slíkra hópa í Sviss.



Mynd 3.2: Lógo Styrmis—Hannes P.Pásson

æfingum. Auk þess sé þjá félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímyndir og tölja að með sýnileika þjóni þeir ákveðnu forvarnarstarfi. Markmiðu msínun ætlar St. Styrmir að ná með góðum árangri í keppnum, bæði á Íslandi og erlendis, auk þess að vinna að fræðslu í samvinnu við önnur félög og stofnanir.

**MSC Ísland** var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjólaklúbba homma að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag og fulltrúar þess hafa m.a. tekið þátt í skipulagningu Hinsegin daga. Félagið starfar að öllu leyti óháð Samökunum 78.

### 3.4. Þátttaka í Hinsegin dögum 2006 í Reykjavík

Á sama hátt og áður voru Samtökin 78 eitt af aðildarfélögum Hinsegin daga 2006 í Reykjavík. Þau komu hér að máli sem einn samstarfsaðili í hópi annarra félagasamtaka, en aðrir aðilar að Hinsegin dögum 2006 voru FSS, félag STK-studenta; KMK, Konur með konum og MSC Ísland.

Samstarfsnefnd um Hinsegin daga hóf starf sitt um áramót og hittist á reglulegum fundum fram á sumar. Aðildarfélögin og hóparnir áttu kost á tveimur fulltrúum með atkvæðisrétt í samstarfsnefnd en öllum er heimil þátttaka á fundum hennar. Í fjórða sinn veitti Reykjavíkurborg styrk til hátíðarinnar, 1.600.000 kr. og hefur sú upphæð verið óbreytt öll árin. Þá gaf samstarfsnefndin út kort af miðborg Reykjavíkur með auglýsingum frá um 50 styrktaraðilum. Um miðjan júlí kom út dagskrárit Hinsegin daga í 17.000 eintaka upplagi en Tómas Hjálmarsson hannaði hvort tveggja. Var dagskráritið fjármagnað með auglýsingum og skilaði arði. Af öðrum tekjustofnum munaði mest um sölu á fjölbreyttum varningi og styrkjum með girógreiðslum frá mörgum fyrirtækjum. Í lok júlí var verkstæði Hinsegin daga opnað í kjallarahúsnæði við Skúlagötu.

Ýmsir komu hér að ábyrgðarmiklum verkefnum: Heimir Már Pétursson var framkvæmdastjóri hátíðarinnar, Katrín Jónsdóttir göngustjóri, Sva var Jónsson öryggisstjóri, Ásdís Þórhallsdóttir sviðsstjóri, Þórarinn Þór fjármálastjóri, Kristín Sævarsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Hrafnkell T. Stefánsson stýrðu sölu málu, en Þorvaldur Kristínsson veitti samstarfsnefnd forsæti og stýrði fundum hennar.

Fimmtudaginn 10. ágúst hófst hátíðin með Eurovision-dansleik á NASA þar sem Regína Ósk, Friðrik Ómar og hljómsveit skemmtu. Föstudaginn 11 ágúst var svo opunarhátíð Hinsegin daga í Loftkastalanum. Þar skemmtu Rósa Guðmundsdóttir, hljómsveitin Shitting Glitter frá Los Angeles að ógleymdum Ruth & Vígdisi og The Queentastic frá Osló, en þetta er í annað sinn sem þær systur heimsækja Hinsegin daga. Á miðnætti hófust síðan „kynjaböll“ í Þjóðleikhúskjallaranum og á Pravda.

Laugardaginn 12. ágúst hélt svo hin árlega gleðiganga af stað frá Hlemmi niður Laugaveg. Á útisviði Hinsegin daga í Lækjargötu ávarpaði Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður samkomuna, en meðal skemmtikrafta voru Regína Ósk, Friðrik Ómar, Þjartnar, fimleikamaðurinn Gabriel, The Nanas hljómsveitirnar Shitting Glitter og Reykjavíki!, og loks dívurnar Ruth & Vígdis. Talið er að yfir 40.000 manns hafi verið á götum miðborgarinnar þennan dag. Deginum lauk með dansleik á NASA. Sunnudaginn 13. ágúst efndu Hinsegin dagar síðan til Regnbogamessu í Hallgrímskirkju í samstarfi við Áhugahóp samkynhneigðra um trúarlíf þar predikaði sr. Pat Burgardner frá Metropolitan Community Church í New York en sex íslenskir prestar þjónuðu fyrir altari. Var athöfnin fjölsótt. Þá má nefna að Borgarbókasafnið í Reykjavík efndi til hinsegin bókmenntagöngu um miðborgina á fimmtudegi og var hún fjölmenn.

Í október sóttu sjö fulltrúar Hinsegin daga þing InterPride í Portland, Maine, og tveir fulltrúar sóttu þing EPOA í Barcelona. Þá var Heimir Már Pétursson gestur Gay Pride í Varsjá og flutti þar erindi um þróun mála á Íslandi. Mikil fjöldi fólks vann að undirbúningi, en að skipulagi á fundum samstarfsnefndar kom allstór hópur og í hópi þrauseigasta fundarfólks voru þau Ásdís Þórhallsdóttir, Baldvin K. Sveinbjörnsson, Birna Hrönn Björnsdóttir, Erlingur Ó. Thoroddson, Fríða Agnarsdóttir, Guðjón R. Jónsson, Heimir Már Pétursson, Hrafnkell T. Stefánsson, Katrín Jónsdóttir, Kristín

Sævarsdóttir, Matthías Matthíasson, Ragnar Ólason, Svarar G. Jónsson, Þorvaldur Kristinsson og Þórarinn Þór. Kostnaður við hátíðahöldin nam rúmlega 8 milljónum króna og í annað sinn á ferli sínum sklaði hátíðin nokkrum ágóða og rennur hann til hátíðahaldanna á nýju ári. Samtökin '78 lögðu hátíðahöldunum ekki til beinan fjárstuðning, en veittu Hinsegin dögum mikilvæga fyrirgreiðslu hvað aðstöðu snerfi.

### 3.5. Samstarf við ÍSí um stöðu minnihlutahópa í þróttum

ÍSí hefur tekið upp samstarf við Samtökin '78 í kjölfar ráðstefnu sem Stefán Konráðsson framkvæmdarstjóri ÍSí sótti á vegum Samtakanna '78 veturinn 2005. Á 68. íþróttapingi ÍSí, sem haldið var á Grand Hótel Reykjavík dagana 28.–29. apríl 2006 var samþykkt tillaga um að fela framkvæmdastjórn ÍSí að stofna vinnuhóp sem tæki út stöðu ólíkra samfélags hópa gagnvart starfsemi íþróttahreyfingarinnar almennt í kjölfar umræðu innan hreyfingarinnar um stöðu samkynhneigðra og fólks með annað móðurnál en íslensku. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 14. júní 2006 var eftirtalið fólk skipað í vinnuhópinn: Kristrún Heimisdóttir formáður, Brian Marshall og Klara Bjartmarz. Vinnuhópurinn á að skila hugmyndum og tillögum að úrbótum til framkvæmdastjórnar á vor mánuðum 2007. Fulltrúar Samtakanna '78 hittu í lok febrúar fulltrúa ÍSí, þær Höllu Kjartanadóttur starfsmanns ÍSí, Kristínu, Klöru og Guðrúnu Jónsdóttur knattspyrnukonu sem er til ráðgjafar um átakið. Áætlun um átakið er í vinnslu og mun það líta dagsins ljós á næstu mánuðum. Samfara því stefna Samtökin '78 að fræðsluáttaki innan íþróttahreyfingarinnar. Þeir sem að málinu hafa komið telja að farsælast sé að hefja fræðsluáttak til þjálfara og aðstandenda liða. Stefnt er að útgáfu bæklinga sem er ætlaður þjálfurum og liðsstjórum. Þar verður lögð áhersla á hvernig taka megi á fordómum og unnið að því að gera umgjörðina og viðmótið væna fyrir þátttöku samkynhneigðra í íþróttum.

## 4. Mannréttindamál

### 4.1. Réttarstaða samkynhneigðra og lagabætur

Á síðasta ári varð að lögum mikið frumvarp sem miðaði að því að bæta réttarstöðu samkynhneigðra. Frumvarpið fór til síðustu atkvæðagreiðslu á Alþingi föstudagskvöldið 2. júní og voru löginn samþykkt með 41 atkvæði. Enginn greiddi atkvæði á móti og enginn sat hjá en 22 þingmenn voru fjarverandi. Slukur einhugur, þvert á stjóm málaflokka, má teljast einsdæmi í heiminum þegar málefni lesbía og homma eiga í hlut. Löginn tóku síðan gildi á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra sem kenndur er við áttökin í Christopher Street fyrir 37 árum – hinn 27. júní.

Frá því að frumvarpið var flutt af þáverandi forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni kom fram ein tillaga frá Guðrúnu Ögmundsdóttur alþingismanni um breytingu á hjúskaparlögum. Eftir ótrúleg afskipti biskups Íslands, Karl Sigurbjörnssonar, af Alþingi og löggjafarvaldinu var forsvarsmönnum samkynhneigðra gerð grein fyrir því að frumvarpið yrði svæft ef þessi breytingartillaga á hjúskaparlögum yrði ekki dregin til baka. Guðrún Ögmundsdóttir dró þá tillögu sína til baka og lagði fram sérstakt frumvarp sama efni í félagi við þingmenn annarra flokka til að trufla ekki afgreiðslu á frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Síðar kom fram breytingartillaga við frumvarp ríkisstjórnarinnar frá Sigurjóni Þórðarsyni um að veita trúfélögum heimild til að framkvæma löggjöfninginn staðfest samvist og enn var hlutaðeigandi aðilum gerð grein fyrir því að sú breytingartillaga myndi stöðva frumvarpið. Sigurjón dró tillögu sína til baka eftir nokkurt þóf og var þá leiðin greidd fyrir mestu réttarbætur í sögu samkynhneigðra eftir að lög um staðfesta samvist gengu í gildi 1996.

Bjarni Benediktsson formáður allsherjarnefndar mælti fyrir álit nefndarinnar um löginn og breytingartillögum hennar þegar kom að 2. og 3. umræðu. Breytingarnar sem allsherjarnefnd lagði til voru eingöngu lagatæknilegs eðlis en haggja að engu leyfi inntaki hins upphaflega frumvarps. Mið lokaafgreiðsluna sagði Bjarni m.a.: „Mið greiðum atkvæði um mál sem eyðir þeim óréttláta mun sem verið hefur á lagalegri réttarstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hér á landi. Það eru dæmi þess að Alþingi ryðji brautina og valdi viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu með lagasetningu og því má halda fram að lög um staðfesta samvist frá 1996 séu dæmi um slíkt mál. Það mál sem við erum hér með fyrir framan okkur og greiðum nú atkvæði um er hins vegar að mínu áliti dæmi um hið gagnstæða, þ.e. að viðhorfsbreytingin hefur átt sér stað en þingið fylgir á eftir og breytir lögum.“

Samkvæmt lögum geta samkynhneigð þör nú fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá eins og gagnkynhneigð þör. Þar með munu samkynhneigðir njóta sömu réttinda og lúta sömu skyldum og gagnkynhneigðir hvað varðar almannatryggingar, lífeyrismál, skatta mál og fjölmargt fleira, að því gefnu

að þessi þör skrái sig í óvígða sambúð á Hagstofu. Þá verða skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar rýmkuð, og m.a. er ekki lengur krafist fastrar búsetu á Íslandi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlu t.

Þá er réttur samkynhneigðra para í staðfestri samvist til að ætleiða börn að öllu leyti sá sami og gagnkynhneigðra para, en í hverju tilviki er það að sjálfsögðu matsatriði þeirra sem um þau mál fjalla hvort slík heimild er veitt, rétt eins og í tilviki gagnkynhneigðra para. Konu í sambúð eða staðfestri samvist með annarri konu er nú jafnframt heimilt að njóta réttar til tæknifrjóvgunar með gjafasæði á opinberum sjúkrahöfnum lkt og gildir um gagnkynhneigðar konur í sambúð. Þá eru jafnframt tekin af öll tvímæli gagnvart lögu um m töku fæðingar- og foreldraorlofs sem á að auðvelda báðum foreldrum að vera samvistum við nýfætt barn sí t.

Að baki þessu m signi er löng saga, því að á vettvangi Samtakanna '78 hefur verið unnið að þessu máli samfellt frá árinu 2001, og hafa margir komið að þeirri vinnu, bæði þrystu fólk félagsins, þingmenn og sérfræðingar á vegum fjölmargra ráðuneyta. Sjálf lögin byggjast í meginatriðum á skýrslu nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra sem kom út árið 2004, en hún var skipuð af þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, í framhaldi af þingráðgjafartillögu nokkurra þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum sem Alþingi samþykkti einróma árið áður. Með hinu nýju lagabótum skipar Ísland sér enn á ný í fremstu röð ríkja heims hvað varðar mannréttindi lesbía og homma.

#### 4.2 Hátíðardagskrá 27. júní 2006

Í tilefni að gildistöku laganna 27. júní efndu Samtökin '78 til hátíðar í Lista safni Reykjavíkur og var hún í alla staði glæsileg og samkynhneigðum til mikils sóma. Viðar Eggertsson var kynnir hátíðarinnar og talið er að um 500–600 manns hafi lagt leið sína í Lista safnið þennan dag. Hommar, lesbiur, fjölskyldur og vinir fjölmennu og þar mátti sjá fjölda alþingismanna, borgarfulltrúa, ráðherra svo og borgarstjórnann í Reykjavík. Einnig heiðraði Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, samkomuna með nærveru sinni og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sendi kveðju sína.



Mynd 4.1: Geir H. Haarde og aðrir gestir hátíðarinnar Mynd 4.2: Guðrún Ógmundsdóttir

Þrjár ræður voru fluttar. Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður félagsins, ávarpaði samkomuna og þakkaði pólitískan stuðning íslenskra stjórnmálamanna við baráttu samkynhneigðra: „Stjórnmálamenn þessa lands eiga mikið hrós og þakkar skildar fyrir skilning sinn og viðsýni í því að tryggja samkynhneigðum jafnrétti og rétt allra til fjölskyldulífs, því það er fyrst og fremst fjölskyldurétturinn sem þessi lög fjalla um og tryggja að samkynhneigðir njóti sama réttar og gagnkynhneigðir.“ Síðan flutti Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarp og sagði meðal annars: „Skiptir í því sambandi vissulega máli sú hugarfarsbreyting sem orðið hefur í þjóðfélaginu undanfarin ár, en hana má rekja til þess meðal annars hvernig samtök ykkar hafa rekið sína baráttu með málefnalegum hætti án þess þó að slaka á kröfunni um fyllstu mannréttindi homma og lesbía, mannréttindi fullorðins fólks sem á sjálft að geta valið sér lífsform, ákveðið að stofna fjölskyldu og axla þá ábyrgð að eignast börn án þess að ríkisvaldið sé að hafa vit fyrir því. Ekkert bendir heldur til þess að börnum reidi verr af þótt þau alist upp hjá tveimur pöbbum eða tveimur mömmum. Það sem mestu skiptir er að bami sé sýnd ástúð og umhyggja og um það erum við öll jafnfær.“ Ötvíráður heiðursgestur hátíðarinnar, Guðrún Ógmundsdóttir, ávarpaði síðan samkomuna við mikinn fögnuð viðstaddra. „Svo við tölum bara manna mál í tilefni dagsins: Þá er bara drífa sig að skrá sig í sambúð, en slíkt gerðu margir í dag og lífeyrissjóður bænda opnar allar gáttir, bæturnar verða í lagi ef eitthvað kemur fyrir. Konur eru komnar í blóðprufur, aðrar komnar á listann til þess að komast í tæknifrjóvgun, ekki þarf lengur að fara til Danaveldis. Ekkert vanda mál með fæðingarorlofið.“ Að lokum flutti Viðar Eggertsson kveðju frá þorvaldi Kristinssyni sem staddur var erlendis og á hvað mestan heiður af vinnu við skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra sem lögð var fram 2004 og myndaði grundvöll og rökstuðning þeirra réttarbóta sem urðu að lögu þennan dag.





Mynd 4.3 og 4.4: Það var margt um manninn í Lista safni Reykjavíkur þennan dag

Veitingar á veisluþorðinu voru í alla staði glæsilegar enda áttu þar hlut að máli fyrirtæki sem sitt hvað þekja til réttindabaráttu samkynhneigðra: Þeggi og Pacas, Jómfúin, Fylgifyskar og Yndisauki. Andrea Gylfa dóttir kom fram með hljómsveit og ýmsar skemmtilegar uppákomur hér og þar um salinn voru skipulagðar af Götuleikhúsinu. Með aðstoð Jóhönnu V. Þórhallsdóttur hóf svo upp raustina kór sem skar taði flestum skrautfjóðrum samkynhneigðra tónlistarmanna sem staddir voru á landinu þennan dag og sungu svo gæsa húðin hríslaði st. um gæsina: „Ég er eins og ég er.“ Þannig lauk fornægri dagskrá.



Mynd 4.5: Kór samkynhneigðra. Ljósmyndir eftir Geir Ragnarsson [www.pbase.com/GeirR](http://www.pbase.com/GeirR)

### 4.3. Um ættleiðingar samkynhneigðra frá erlendum ríkjum

Eftir að ný lög tóku gildi sem heimiluðu m.a. samkynhneigðum að ættleiða, ákvað stjórn Samtakanna '78 að kanna hvaða möguleika lesbiur og hommar ættu í raun og veru á að ættleiða börn af erlendum uppruna. Í fyrirspurn félagsins til samtaka samkynhneigðra í Svipjóð, en þar hafa ættleiðingar barna frá erlendum ríkjum til samkynhneigðra para verið heimilur um nokkurt skeið, kom í ljós að ekkert land hefur enn sem komið er heimilað slíkar ættleiðingar. Milli framkvæmdastjóra Samtakanna '78 og unboðsmanns samkynhneigðra í Svipjóð varð að samkomulagi að löndin fylgdust að við að finna land þar sem slíkhæimild gæti orðið að veruleika.

Því næst óskaði formaður Samtakanna eftir fundi með stjórn og framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar um ættleiðingar samkynhneigðra og hugsanlegt samstarf, en áður en lög um ættleiðingar tóku gildi höfðu einu samskipti félaganna verið deilur formanna um ættleiðingar í fjölmiðlum. Stjórn Íslenskrar ættleiðingar tók vel á móti fulltrúum Samtakanna '78 og rædd var sú staðreynd að ekkert land sem Íslensk ættleiðing á samskipti við heimilur ættleiðingar til samkynhneigðra. Stjórn Íslenskrar ættleiðingar tók skýrt fram að félagið myndi að sjálfsögðu fylgja íslenskum lögum, taka á móti umsóknum frá samkynhneigðum þörum og einstaklingum og afgreiða þær umsóknir á sama hátt og aðrar. Að vísu myndu slíkar umsóknir verða að biða þeirra tíma þegar samstarf kæmist á við land sem heimilur ættleiðingar samkynhneigðra. Kom fram á fundinum að yfirleitt tekur það 6–12 mánuði að fá leyfi frá félagsmála yfirvöldum til þess að ættleiða og gildir leyfið í eitt ár. Ekkert er því til fyrirstöðu að hommar og lesbiur sækir nú um til Íslenskrar ættleiðingar því e.t.v. gengur fljótt að finna land sem er jákvætt í garð samkynhneigðra í þessu tilliti. Stjórn Samtakanna '78 leggur sig fram um að fylgjast með hvað sé að gerast erlendis í þessum málum, en ennþá hefur ekkert land heimilað ættleiðingar til samkynhneigðra.

#### 4.4. Málefni transgender fólks

Á síðasta ári voru málefni transgender fólks aðeins tekin upp innan regnhlífar Samtakanna '78. Sérstakt átak hófst á Hinseginn biódagum en þar var gagnert unnið að því að setja myndir sem vörðuðu málefnið á dagskrá. M.a. voru á dagskrá hátíðarinnar kvikmyndirar *Trans America* (Bandaríkin), *100% Menneske* (Noregur) sem síðar var sýnd á RÚV, *Transplosion* (Ísland) eftir Höllu Kristínu Enarsdóttur og *Screaming Queens* (Bandaríkin) eftir Victor Silverman og Susan Stryker sem einnig var gestur hátíðarinnar og fyrirlestaraðar sem Samtökin '78 áttu þátt í að skipuleggja í Háskóla Íslands. Dr. Susan fjallaði þar á eftirminnilegan hátt um málefni transgender fólks með skírskotun í eigið líf. Töluverð fjölmiðlaumfjöllun var síðan um málefnið og kom Susan Stryker fram í a þyglisverðu viðtali í Kastljósi RÚV. Fyrirlesturinn, kvikmyndir og almennur áhugi á málefnum transgender fólks sklaði sér meðal annars í ritgerð sem hópur laganema á Bifröst vann um réttarstöðu transgender fólks á Íslandi. Í byrjun vetrar var einnig efnt til samræðu fundar og kvikmynda sýningar í húsakynnum Samtakanna '78 þar sem Anna Jonna Ármannsdóttir og Elísa Björk sátu fyrir svörum við húsfalli. Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður lagði fram fyrirspurn á Alþingi til forsætisráðherra um réttarstöðu transgender fólks í samvinnu við þann hóp sem myndast hafði í framhaldi af umræðunni á vettvangi Samtakanna '78 og verður svarað að vænta með hást. Hinn 15. febrúar var síðan boðað til stofnfundar fyrir hagsmuna- og baráttufélag transgender fólks á Íslandi undir regnhlífi Samtakanna '78 og er þar með brotið blað í sögu félagsins með því að bjóða þennan hóp velkominn til starfa á vettvangi þess. Bráðabirgðastjórn skipa þær Anna Jonna Ármannsdóttir, Anna Margrét Grétarsdóttir og Anna Kristjánsdóttir og vinna þær nú að því að gera tillögu að félagslögu mög nafni félagsins. Boðað verður til aðalfundar í apríl.

#### 4.5. „Ertu samkynhneigður!“ Ofbeldi í garð homma, me intra homma og transgender fólks

Á síðustu 12 mánuðum nátt merkja aukningu á ofbeldi í garð homma og þeirra sem taldir voru hommar svo og transgender einstaklinga. Eitt alvarlegasta afbrotið átti sér stað sl. sumar þegar 16 ára piltur gerði tilraun til þess að myrða 25 ára karlmann sem hann hafði stofnað til kynna við á spjallrás fyrir homma. Að sögn pilsins „langaði hann að prófa að drepa mann“ og hafði hann farið gagnert inn á spjallrás til að „veiða homma“ þar sem hann taldi að þeir væru „auðveld bráð“. Árásin átti sér stað í Laugardal þangað sem viðkomandi komu akandi, en þeir höfðu numið staðar stundarkörn og brugðið sér út úr bílum þegar pilturinn stökk manninn í bakkið með hnifi. Árásin var tilefnislaus. Karlmaðurinn komst af vettvangi af sjálfsdáðum og hnífstungan reyndist ekki jafn alvarleg og haldið var í fyrstu. Pilturinn var dæmdur í gæsluvarðhald og sætti geðrannsókn.

Í nóvember var ráðist á mann á sjöugsaldri við Öskjuhlíð. Hann var á ferð í bíl sínum á Flugvallarvegi þegar fjórir menn stöðvuðu hann, spurðu hvort hann væri samkynhneigður og réðust svo á hann. Maðurinn hlaut alvarlega áverka í andliti og missti fjórar tennur. Vitað er að fórnarlambið og árásarmennirnir þekktust ekki og hefur sá piltur sem harðast gekk fram í árásinni víðurkennt verknaðinn og hlotið dóm.

Á nýársnótt var ráðist á tvo karlmenn sem voru á leið á dansleik Samtakanna '78 í miðborg Reykjavíkur. Fyrst var sótt að þeim með svívirðingum um kynhneigð þeirra en síðan lúskruðu árásarmennirnir á þeim með hnefahöggum og spörkum. Misstu þeir báðir meðvitund og fólk sem kom aðvífandi kallaði á lögreglu sem flutti þá á slysaðeild Borgarspítala. Hlutu þeir slæma höfuðáverka. Athygli vaki að lögreglan hóf ekki rannsókn að eigin frumkvæði fyrr en forráðamenn Samtakanna '78 hvöttu þólendur árásarinnar til að leggja fram kæru og krefja st lögreglurannsóknar.

Síðasta árásin sem Samtökin '78 hafa vitneskju um átti sér stað í Hafnarfirði í febrúar. Þar gerði að því er best verður séð gagnkynhneigður karlmaður tilraun til þess að myrða taíenska transgender konu. Hann tók hana hálstaki og reyndi að kyrkja hana er hann komst að því að hún var transgender. Vinum hennar tókst að forða morði með því að berja íslenska karlmanninn sem var við skál í höfuðið með járnstöng svo að hann sleppi takinu. Afar ósmekklek fjölmiðlaumræða fylgdi í kjölfarið og þá sérstaklega af hálfu Eiríks Jónssonar blaða manns á tímaritinu *Séð og heyrt* sem dregur taum á rá sarmannsins og gerir því skóna að í lagi hafi verið að ráðast á taíensku konuna þar sem „hún var með typpi“. Það alvarlega atíði kemur líka fram í grein Eiríks Jónssonar að lögreglan hafi haft samúð með ofbeldi smánninu mög sýnt honum skilning. Anna Jonna Ármannsdóttir sem er í forsvari fyrir hóp transgender fólks innan vébanda Samtakanna '78 fór þess á leit við *Séð og heyrt* að tímaritið bæði stafsökunar á greininni og drægi hana til baka en Mikael Torfason ritstjóri hefur neitað því. Málið verður kært til síðanefndar Blaða mannafélags Íslands.

Samkvæmt gögnum lögreglunnar er ljóst að ofbeldi hefur færst í aukana á höfuðborgarsvæðinu almennt en aukið ofbeldi í garð samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender

fólks er engu að síður áhyggjuefni. Samtökin '78 hafa óskað eftir fundi með Stefáni Eiríkssyni, nýskipuðum lögreglustjóra í Reykjavík, og hefur honum verið boðið að heimsækja Samtökin '78 með ósk um samstarf og aðgerðir til að stuðla að tillitsemi í garð þess þjóðfélagshóps sem hlut á að máli.

#### 4.6. Færeyjar

Á haustmánuðum bárust félaginu fréttir af alvarlegu ofbeldismáli gegn færeysku pilti, Rasmusi Rasmussen, í Tórshavn. Málið vakti mikla athygli í Færeyjum og upphófust miklar deilur í blöðum um réttindi samkynhneigðra í landinu. Brátt náði athygli út fyrir landsteinana, enda standa Færeyingar öðrum þjóðum í Norður-Evrópu langt að baki þegar kemur að lagalegri stöðu og mannréttindum samkynhneigðra. Sú staðreynd að þeirra var ekki getið í verndarákvæðum refsilögga far landsins komst hins vegar í sviðsljósið vegna hins sorglega máls, en frumvarp þess efnis hafði tvívegis verið fellt með miklum mun í færeyska lögþinginu. Samtökin '78 og hreyfing samkynhneigðra beitti sér talsvert í málinu. Viðtal birtist við framkvæmdastjóra félagsins, Hrafnkel T. Stefánsson, í dagblaðinu *Dimmalætting*, Hrafnhildur Gunnarsdóttir formaður Samtakanna '78 og Heimir Már Pétursson framkvæmdastjóri Hinsegin daga í Reykjavík sendu frá sér „Opíð bréf til Færeyinga“ sem birtist í *Dimmalætting* og Þorvaldur Kristinsson ritáði þrjár greinar í færeysk dagblöð um líf og mannréttindi samkynhneigðra. Þá vakti félagið athygli íslenskra stjórn mála manna á ástandinu og á þingi Norðurlandaráðs 1. nóvember tók Rannveig Guðmundsdóttir málið upp í fyrirspurnartíma auk þess sem langt viðtal birtist við Guðrúnu Ögmundsdóttur í *Sósiálnum*. Loks var færeysku landstjórninni afhentur undirskriftalisti með nöfnum um 20.000 manna viðsvegar að úr heiminum. Þessi þrýstingur og hin alþjóðlega athygli sem málið hlaut varð til þess að tillaga þess efnis að orðinu kynhneigð skyldi aukið við færeysku hegningarlögin var samþykkt í lögþinginu 15. desember 2006 með 17 atkvæðum gegn 15.

Samstaða samkynhneigðra er völdugt og alþjóðlegt ahlif sem enginn stjórn mála maður skyldi vanmeta. Um allan hinn vestræna heim er uppi sterk krafa um að ríki samræmi stefnu sína í mannréttindamálum, og nægir þar að minna á kröfu Evrópusambandsins til verðandi aðildarríkja sinna. Áratuga gamlar samþykktir Norðurlandaráðs um að Norðurlönd samræmi stefnu sína í mannréttindamálum er í fullu gildi. Þótt breytingin á hegningarlögum Færeyja sé mikilvægur áfangasigur er ljóst að mikið verk er óunnið í málefnum samkynhneigðra þar í landi.

#### 5. Að lokum

Ársins 2006 verður ein kum minnst fyrir þær stórkostlegu réttarætur sem urðu að veruleika í lífi samkynhneigðra og fjölskyldna þeirra hér á landi. Fyrir sameinað átak stjórn mála manna og baráttusveitar samkynhneigðra tókst að leiðrétta réttarstöðu lesbía og homma með laga setningu sem tók gildi 27. júní. Við sem höfum tekið þátt í áralangri baráttu eru mest stolt af stjórn málamönnum þjóðarinnar. Þvert á alla flokka tóku þeir höndum saman og leiðréttu flestar þær lagagreinir sem mismuna samkynhneigðum, að svo miklu leyti sem okkur er fært að koma auga á slíka mismunun. Því staðreyndin er sú að hver tími litur mannréttindi sínum augum. Misréttið sem lá í augum uppi árið 2006 var mönnum að mestu leyti hulið árið 1978 þegar baráttusa mök hó mósexúalfólks voru stofnuð. Eftir þrjátíu ár kann íslensku lögum að vera áfátt í ýmsum efnum hvað varðar jafnrétti með tilliti til kynhneigðar, þó að enginn sæi það fyrir síða stílið sumar.

Það sem skyggði á sígra síðasta árs er sú staðreynd að æðsta vald þjóðkirkjunnar gat ekki unað því að forstöðu menn trúfélaga fengu að framkvæma löggæringinn staðfesta samvið. Svo er að sjá sem lobbismi og hræðsluáróður kirkjunnar hafi orkað á Alþingi þegar biskup lýsti því yfir að hjónabandi myndi mögulega enda á öskuhaugum sögunnar ef samkynhneigðir gætu leitað vígslu í kirkju. Varla þarf að undra fjöldaúrsagnir samkynhneigðra og fjölskyldna þeirra úr þjóðkirkjunni árið 2006 en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var me fjöldi úrsagna úr henni á síðasta ári. Forsyftu fólk Samtakanna '78 vann hins vegar ötullega að því að tryggja að frumvarpið færi óáreitt í gegnum þingið, og þótt það sé vissulega miður að ekki var gengið alla leið í því að lagfæra lagalegt misrétti, er það þó svo að mælanlegt misrétti hefur að mestu verið leiðrétta.

Á næstu misseru mhlýtur krafa samkynhneigðra að vera sú að lög um staðfest samvið hverfi og ein hjúskaparlög samkynhneigðra og gagnkynhneigðra lífi dagsins ljós, með sama nafni, í sama lagabáki. Slík breyting er rökrétt frámhald af því sem nú hefur gerst því að réttindi og skyldur hjónabands og staðfestar eru allar þær sömu. Sambönd og hjónabönd lesbía og homma eru nefnilega ekkert thinsegin eða öfug, þau eru heil og rétt og standa fyrir það sama og hið gagnkynhneigða hjónaband. Þegar þessi orð eru rituð er óljóst hvernig þjóðkirkjan muni á Kirkjuþingi að hausti 2007 taka á þeirri stöðu sem hún er búin að koma sér í með afskipnum sínum af eðlilegu þingræði



hvað varðarrétt annarra trúfélaga til þess að framkvæma löggæringinn staðfesta samvist. Hún naut vafans síðasta vor og fékk þann upplýtu nartíma sem hún óskaði sér til þess að ráða frá múr vandræðagangi sínum. Hins vegar er jafn ljóst að hvernig sem Þjóðkirkjan kemur til með að taka á sínum málum, þá eru tvær leiðir færar fyrir jafnréttissinna hvað varðar hjónavígslu samkyndra. Annaðhvort verða stjórnvöld að taka af skarið og taka af trúfélögunum heiðildina til að framkvæma löggæringinn hjónaband og færa hann alfarið til borgaralegra yfirvalda ellegar að gefa trúfélögunum sem þess óska, heiðild til þess að framkvæma löggæringinn staðfesta samvist. Eitt er þó víst: Krafa um fullt jafnrétti er sem fyrir í fullu gildi.

Réttindi að lögu mþýða ekki aðeins breytingar á orðalagi í lagabálkum og reglugerðum. Það var forsvarsfólk félagsins nýlega minnt á í samtali við forsætisráðherra, Geir H. Haarde, þegar hann inni þau eftir því hvaða áhrif lagasetningin hefði haft á fólkid okkar. Já, lögin og lagabálkarnir hafa áhrif á raunverulegt fólk, raunverulegar fjölskyldur og raunverulegt lífbú sonda Íslendinga. Formaður félagsins, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, var veislu stjórnari í brúðkaupi fyrir skömmu og sá þá hina íslensku stórfjöl skyldu taka höndum saman brúðunum tveimur til heiðurs í veislu í Kópavoginu rétt eins og um gagnkyndheit brúðkaup væri að ræða. Þar tók faðir annarrar brúðarinnar, íslenskur heimili sfaðir af landsbyggðinni, til máls og í fallegri ræðu til brúðanna beggja minntist hann klökkur þess tíma þegar hann hafði séð dóttir sína springa út og bló mstra þegar hún treysti sér til þess að gangast við samkyndheit sinni og fann ástina. Lo kaorð hans voru stærkur vitnisburður þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í íslensku samfélagi síðustu ár, breytinga sem Samtökin '78 og stjórn mála men n þessa lands geta verið stolt af. „Mér þætti það ekkert verra,“ sagði hann við fögnuð við stæðra, „ef áður en langt um líður yrði komið af barn á Barða staði 9!“ Hver hefði trúað því fyrir örfáum árum að hinn dæmigerði íslenski heimili sfaðir ætti eftir að tala þannig í brúðkaupi í le sbrískrar dóttur sinnar um það að eignast barnabarn á óhefðbundinn máta?

Samtökunum '78 hafa á undanfö rnum misserum og árum hlotna st ýmsar viðurkenningar sem sýna hvernig samtíminn lítur starf félagsins og þann árangur sem náðst hefur í málefnum lesbía og homma. Húmanista viðurkenning. Síð menn tar, boð formanns Samtakanna '78 í nýársboð forseta Íslands, Bjartsýnis verðlaun. Framsóknar flokksins og hl ýleg orð stjórn mála manna úr öllu m flo kku m benda til þess að lítið er til félagsins með virðingu og sem leiðandi afis í mannré ttingabaráttu á Íslandi. Stöðugt verðum við þó að minna okkur á að engin mannré ttingi eru varanleg nema við stöndum vörð um þau. Fjand skap í garð samkyndheigðs fólks verður seint ú trýmt, ekki frekar en öðrum hættulegum skoðunum. Það er aðeins hægt að ýta þeim til hliðar með upplýsingu, fræðslu og sýnileika. Til skamms tíma hefur lagalegt umhverfi verið óhag stætt skjól stæðingum og mál stað Samtakanna '78. Samt sem áður hefur bárátt félagsins og allrar okkar hreyfingar unnið kraftaverk, ekki aðeins með því að tryggja mannréttindi fyrir lögun, heldur ekki síður með því að snúa fjand samlegu almenningssálin okkar hópu m í vil; breyta ósýnileika í sýnileika og þögn í viðurkenningu. Nú þegar helstu tálmu m hefur verið ýtt úr vegi hafa skapa st ný sóknarfæri til þessa að vinna að málefnum lesbía, homma, tvíkyndheigðra og transgender fólks, bæta lífskilyrði þeirra og tryggja hamingju þeirra með nýrri sókn á sviði fræðslu, upplýsingar og ráðgjafar. Það er æðsta skylda Samtakanna '78 að vinna að þeim málum af einbeitti og alefli.

fh. stjórnar Samtakanna '78

Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
formaður

Hrafnkell Tjörvi Stefánsson  
framkvæmdar stjórnari

Þeir sem lögðu texta til í skýrslu eru; Anni G. Haugen, Frosti Jónsson, Guðjón Jónasson, Hannes Páll Pálsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson og Þorvaldur Kristinsson.  
Þeir sem lögðu ljósmyndir og töflur til í skýrslu eru; Frosti Jónsson, Geir Ragnarsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Sigrún Ragnar og fleiri.